2002	12		0	0,0	0	0,0	0	0,0	12	100,0
2003	14		0	0,0	0	0,0	0	0,0	14	100,0
2004	66		0	0,0	0	0,0	0	0,0	66	100,0
2005	24		0	0,0	0	0,0	1	4,2	23	95,8
2006	91		3	3,3	0	0,0	6	6,6	82	90,1

Lögreglustjórinn í Hafnarfirði

Ár	Alls		Niðurfelld mál		Fallið frá saksókn		Ákærufræstun		Ákæruur	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
2002	432		121	28,0	24	5,6	1	0,2	286	66,2
2003	690		164	23,8	23	3,3	3	0,4	500	72,5
2004	532		137	25,8	23	4,3	1	0,2	371	69,7
2005	630		251	39,8	9	1,4	4	0,6	366	58,1
2006	786		202	25,7	19	2,4	7	0,9	558	71,0

Lögreglustjórinn í Kópavogi

Ár	Alls		Niðurfelld mál		Fallið frá saksókn		Ákærufræstun		Ákæruur	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
2002	1019		390	38,3	208	20,4	31	3,0	390	38,3
2003	896		317	35,4	182	20,3	23	2,6	374	41,7
2004	723		184	25,4	182	25,2	2	0,3	355	49,1
2005	703		131	18,6	147	20,9	15	2,1	410	58,3
2006	536		90	16,8	74	13,8	0	0,0	372	69,4

2.2. Ákærðir

Alls sættu 2260 ákæru á árinu. Eftirfarandi er skipting ákærðra eftir kyni, aldri og ríkisfangi.

Ríkisfang		
	Fjöldi	%
Ísland-IS	2095	92,70
Pólland-PL	31	1,37
Litháen-LT	21	0,93
Stóra Bretland-GB	11	0,49
Danmörk -DK	9	0,40
Marokkó-MA	7	0,31
Portúgal-PT	6	0,27
Þýskaland-DE	6	0,27
Bandaríki NA-US	5	0,22
Taíland-TH	5	0,22
Lettland - LV	4	0,18
Srí Lanka - LK	4	0,18
Serbía-Svartfjallaland -YU	3	0,13
Austurríki - AT	2	0,09
Írland - IE	2	0,09
Ítalía-IT	2	0,09
Nígería-NG	2	0,09
Rússland-RU	2	0,09
Spánn - ES	2	0,09
Svíþjóð-SE	2	0,09
Víetnam - VN	2	0,09
Búlgaría - BG	1	0,04
Chile - CL	1	0,04
Egyptaland - EG	1	0,04
Ekvador - EC	1	0,04
Epíópía-ET	1	0,04
Færeyjar - FO	1	0,04
Gínea -GN	1	0,04
Grænhöfðaeyjar -CV	1	0,04
Honduras-HN	1	0,04
Jórdanía-JO	1	0,04
Kenía - KE	1	0,04
Króatía-HR	1	0,04
Perú - PE	1	0,04
Serbía - Svartfjallaland - CS	1	0,04
Tékkland - CZ	1	0,04
Úkraína-UA	1	0,04
Upplýsingar vantar	21	0,93
Alls	2260	100,00

Aldur		
	Fjöldi	%
15-19 ára	565	16,0
20-24 ára	928	26,3
25-29 ára	542	15,4
30-34 ára	365	10,4
35-39 ára	322	9,1
40-44 ára	292	8,3
45-49 ára	166	4,7
50-54 ára	177	5,0
55-59 ára	86	2,4
60-69 ára	73	2,1
70 ára og eldri	9	0,3
Alls	3525	100,0

Kyn		
	Fjöldi	%
Karl	3103	88,0
Kona	422	12,0
Fyrirtæki	3	0,1
Alls	3528	100,0

Aldur eftir kyni					
	Meðal-aldur	Staðal-frávik	Mið-gildi	Lægsta gildi	Hæsta gildi
Karl	30,5	12,0	26	15	83
Kona	31,1	11,6	27	15	69
Alls	30,6	11,9	27	15	83

Hér að ofan er að finna yfirlit yfir ríkisfang þeirra sem sættu ákæru á árinu. Einstaklingar eru ekki tvítaldir þótt þeir komi fyrir í fleiri en einu málsmúmeri.

2.3. Einstakir brotaflokkar

Hér að neðan er að finna yfirlit yfir afdrif mála er varða manndráp, stórfelldar líkamsmeiðingar, stórfelld fikniefnalagabrot og kynferðisbrot, sem bárust ríkissaksóknara árið 2006. Til samanburðar eru einnig tölur frá árunum 2002 til 2005. Það athugist að eitt mál kann að varða fleiri en eitt brot. Sömuleiðis kann ákæra að varða fleiri brot en eitt.

Manndráp (211. gr. hgl.)

Ár	Alls		Niðurfellt		Ákært		Sýknað í héraðsdómi		Sakfelld í héraðsdómi		Áfrýjað	Sýknað í Hæstarétti		Sakfelld í Hæstarétti		Ódæmt í Hæstarétti
	Fjöldi	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi		Fjöldi	%	Fjöldi	Fjöldi	
2002	5	0	0	5	100	2	40	3	60	1	0	1	0	0		
2003	2	0	0	2	100	1	50	1	50	1	0	1	0	0		
2004	4	0	0	4	100	1	25	3	75	4	0	3	0	0		
2005	9	0	0	9	100	6	67	3	33	2	0	2	0	0		
2006	6	0	0	6	100	1	17	5	83	4	0	3	0	1		

Í ofangreindri töflu má sjá tölur yfir fjölda mála sem heimfærð hafa verið undir 211. gr. almennra hegningarlaga og bárust ríkissaksóknara undanfarin 5 ár. Hér er um að ræða samtals 26 mál og var í 16 tilvikum um að ræða tilraunabrot.

Hvað varðar fyrri ár er rétt að geta þess til skýringar að í þeim tveimur málum sem sýknað var í árið 2002 var það vegna ósakhæfis og var ákærðu í þeim málum gert að sæta öryggisgæslu. Sama gildir um annað af tveimur málum sem bárust á árinu 2003, eitt mál 2004 og tvö mál 2005. Í þremur af þeim málum sem sýknað var í árið 2005 var brot heimfært undir 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga.

Á árinu 2006 bárust ríkissaksóknara 6 mál þar sem brot voru heimfærð undir 211. gr. almennra hegningarlaga og var í öllum tilvikum um að ræða tilraunabrot. Í einu máli var sýknað vegna ósakhæfis og ákærða gert að sæta öryggisgæslu.

Líkamsárás (2. mgr. 218. gr. hgl.)

Ár	Alls		Niðurfellt		Ákært		Sýknað í héraðsdómi		Sakfelld í héraðsdómi		Áfrýjað	Sýknað í Hæstarétti		Sakfelld í Hæstarétti		Ódæmt í Hæstarétti
	Fjöldi	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi		Fjöldi	%	Fjöldi	Fjöldi	
2002	32	2	6	30	94	5	17	25	83	3	1	2	0	0		
2003	33	1	3	32	97	5	16	27	84	5	1	4	0	0		
2004	29	2	7	27	93	3	11	24	89	7	0	7	0	0		
2005	30	0	0	30	100	5	17	25	83	5	0	5	0	0		
2006	25	1	4	23	92	2	9	19	82	6	0	2	0	4		

Í ofangreindri töflu má sjá tölur yfir fjölda mála sem heimfærð hafa verið undir 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga og bárust ríkissaksóknara undanfarin 5 ár. Hér er um að ræða líkamsárásir sem af hlýst stórfelld líkams- eða heilsutjón eða líkamsárásir sem taldar eru sérstaklega hættulegar vegna þeirrar aðferðar sem notuð er.

Á árinu 2006 bárust ríkissaksóknara 25 mál þar sem brot voru talin varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Ákært var í 23 málum, eitt var felld niður á grundvelli 112. gr. laga um meðferð opinberra mála og eitt mál var endursent lögreglu til frekari rannsóknar. Af þeim 23 málum sem ákært var í er tveimur málum enn ólokið í héraðsdómi.

Fikniefnabrot (173. gr.a. hgl.)

Ár	Alls		Niðurfellt		Ákært		Sýknað í héraðsdómi		Sakfelld í héraðsdómi		Áfrýjað	Sýknað í Hæstarétti		Sakfelld í Hæstarétti		Ódæmt í Hæstarétti
	Fjöldi	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi		Fjöldi	%	Fjöldi	Fjöldi	
2002	4	0	0	4	100	0	0	4	100	1	0	1	0	0		
2003	5	0	0	5	100	0	0	5	100	3	0	3	0	0		
2004	9	0	0	9	100	1	11	7	78	4	0	2	0	0		
2005	12	0	0	12	100	0	0	12	100	4	0	3	0	0		
2006	9	1	11	8	89	0	0	8	100	4	0	3	0	1		

Í ofangreindri töflu má sjá tölur yfir fjölda mála sem heimfærð hafa verið undir 173. gr. a. almennra hegningarlaga, þ.e. stórfelld fikniefnabrot, og bárust ríkissaksóknara undanfarin 5 ár.

Hvað varðar fyrri ár er rétt að geta þess til skýringar að árið 2004 var ákært í 9 málum en ein ákæra var afturkölluð þar sem ákærði lést. Á því ári var fjórum dómum áfrýjað til Hæstaréttar. Í tveimur málum var niðurstaða héraðsdóms um sakfellingu staðfest og ein áfrýjun var afturkölluð. Fjórða málinu var einungis áfrýjað í því skyni að endurskoðuð yrði ákvörðun héraðsdóms um upptöku fjármuna og staðfesti Hæstiréttur þá niðurstöðu. Á árinu 2005 var fjórum málum áfrýjað til Hæstaréttar en ein áfrýjunin var afturkölluð áður en málið var tekið til meðferðar fyrir réttinum. Í tveimur málum var niðurstaða héraðsdóms um sakfellingu staðfest og einu máli var vísað aftur í héraðsdóm hvað varðar einn ákærða en sakfelling meðákærða staðfest. Það mál hefur verið dæmt aftur í héraðsdómi og var ákærði sakfelldur og hefur Hæstiréttur staðfest þann dóm.

Á árinu 2006 bárust 9 mál er vörðuðu stórfelld fíkniefnabrot. Eitt málið var fellt niður á grundvelli 112. gr. laga um meðferð opinberra mála og er það eina málið á ofangreindu 5 ára tímabili sem var fellt niður á hendur öllum sakborningum. Í fjórum af þessum 9 málum sem bárust árið 2006 voru nokkrir sakborningar og málin felld niður á hendur sumum þeirra en aðrir ákærðir í sama máli.

Kynferðisbrot (194.-198. gr. hgl.)

Ár	Alls		Niðurfellt		Ákært		Sýknað í héraðsdómi		Sakfellt í héraðsdómi		Áfrýjað	Sýknað í Hæstarétti		Sakfellt í Hæstarétti		Ódæmt í Hæstarétti
	Fjöldi	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi		Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi		
2002	58	37	64	21	36	5	24	14	67	9	2	7	0			
2003	65	49	75	16	25	11	69	5	31	4	1	3	0			
2004	43	32	74	11	26	3	27	7	64	6	0	6	0			
2005	52	33	63	19	37	8	42	10	53	5	0	5	0			
2006	69	50	72	18	26	5	28	10	55	8	0	6	2			

Í ofangreindri töflu má sjá tölur yfir fjölda mála sem heimfærð hafa verið undir 194.-198. gr. almennra hegningarlaga og bárust ríkissaksóknara undanfarin 5 ár.

Hvað varðar fyrri ár er rétt að geta þess til skýringar að árið 2002 var ákært í 21 máli. Ein ákæra var afturkölluð þar sem ákærði lést eftir útgáfu ákæru og ein ákæra er óafgreidd þar sem ákærði fór af landi brott og hefur ekki tekist að hafa upp á honum. Árið 2004 bárust ríkissaksóknara 43 mál. Eitt af þeim 11 málum sem ákært var í það árið biður nú aðalmeðferðar í héraðsdómi þar sem ákærði fór af landi brott áður en ákæra var gefin út og tókst ekki að hafa upp á honum aftur fyrr en liðið var á árið 2007. Eitt mál sem ákært var í árið 2005 er einnig ólokið þar sem ákærði fór af landi brott og hefur ekki fundist.

Á árinu 2006 bárust ríkissaksóknara 69 mál. Hlutfall niðurfelldra mála er hátt í þessum málaflokki og einnig hlutfalla sýknudóma. Af þeim 69 málum sem bárust ríkissaksóknara voru 50 felld niður eða 72% málanna. Á þessu 5 ára tímabili voru felld niður 63 til 75% þeirra mála sem bárust ríkissaksóknara, fæst árið 2005 eða 63% en flest árið 2003 eða 75%. Árið 2006 var ákært í 18 málum og eitt mál endursent lögreglu til frekari rannsóknar. Sakfellt var í 10 málum, sýknað í 5 málum og þrjú mál eru enn ódæmd í héraðsdómi. Rétt er að geta þess að í kjölfar rannsóknar á broti karlmanns gagnvart ungrri stúlku vaknaði upp grunur um að sami einstaklingur hafi brotið gegn fjórum öðrum stúlkum. Þau brot voru öll rannsökuð sem sjálfstæð mál en þær rannsóknir leiddu ekki til saksóknar.

Kynferðisbrot (200.-202. gr. hgl.)

Ár	Alls		Niðurfellt		Ákært		Sýknað í héraðsdómi		Sakfellt í héraðsdómi		Áfrýjað	Sýknað í Hæstarétti		Sakfellt í Hæstarétti		Ódæmt í Hæstarétti
	Fjöldi	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi		Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi		
2002	34	21	62	13	38	3	23	10	77	7	0	7	0			
2003	60	33	55	27	45	6	22	21	78	12	2	10	0			
2004	58	28	48	29	50	8	28	21	72	8	1	6	0			
2005	35	17	48	16	46	7	44	9	56	6	0	6	0			
2006	59	34	58	23	39	2	9	19	82	2	0	1	1			

Í ofangreindri töflu má sjá tölur yfir fjölda mála sem heimfærð hafa verið undir 200.-202. gr. almennra hegningarlaga og bárust ríkissaksóknara undanfarin 5 ár.

Hvað varðar fyrri ár er rétt að geta þess til skýringar að á árinu 2004 lauk einu máli með ákærufrestun og af þeim 8 málum sem var áfrýjað til Hæstaréttar var einu máli vísað frá. Á árinu 2005 var fallið frá saksókn í einu máli og gefin út skilorðsbundin ákærufrestun í einu máli.

Alls bárust 59 mál á árinu 2006 sem voru talin varða við ákvæði 200.-202. gr. Af þessum 59 málum voru 34 felld niður með vísan til 112. gr. laga um meðferð opinberra mála. Ákært var í 23 málum, fallið var frá saksókn í einu máli og eitt mál er óafgreitt. Sakfellt var í 19 af þeim málum sem ákært var í en sýknað í tveimur. Í þremur tilvikum þar sem ákært var fyrir brot gegn 201. eða 202. gr. var talið að brot varðaði við 204. gr., sem þýðir að brotið var talið hafa verið framið í gáleysi um aldur þess sem fyrir broti varð.

Kynferðisbrot (209. gr. hgl.)

Ár	Alls		Niðurfellt		Ákært		Sýknað í héraðsdómi		Sakfelld í héraðsdómi		Áfrýjað	Sýknað í Hæstarétti		Sakfelld í Hæstarétti		Ódæmt í Hæstarétti	
	Fjöldi	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi		Fjöldi	%	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi
2002	26	13	50	13	50	2	15	9	70	3	1		2		0		
2003	18	8	44	8	44	1	12	7	88	2	0		2		0		
2004	21	9	43	11	52	2	18	9	82	3	0		3		0		
2005	17	5	29	10	59	5	50	5	50	3	1		0		2		
2006	20	8	40	12	60	2	17	7	58	1	0		0		1		

Í ofangreindri töflu má sjá tölur yfir fjölda mála sem heimfærð hafa verið undir 209. gr. almennra hegningarlaga og bárust ríkissaksóknara undanfarin 5 ár.

Hvað varðar fyrri ár er rétt að geta þess til skýringar að árið 2002 var í einu tilviki ákært í einni ákæru vegna tveggja mála en sú ákæra var síðan afturkölluð eftir að ákærði lést. Á árinu 2003 var einu máli lokið með ákærufrestun og í einu máli var fallið frá saksókn. Árið 2004 lauk einu máli með ákvörðun um að hætta rannsókn á grundvelli 76. gr. laga um meðferð opinberra mála. Á árinu 2005 var fallið frá saksókn í tveimur málum.

Alls bárust ríkissaksóknara 20 mál á árinu 2006 sem talin voru varða við ákvæði 209. gr. almennra hegningarlaga. Ákært var í 12 málum en 8 voru felld niður með vísan til 112. gr. laga um meðferð opinberra mála. Af þeim málum sem ákært var í eru þrjú enn ódæmd og í fjórum þeirra var einnig ákært fyrir brot gegn fleiri ákvæðum en 209. gr.

Kynferðisbrot (210. gr. hgl.)

Ár	Alls		Niðurfellt		Ákært		Sýknað í héraðsdómi		Sakfelld í héraðsdómi		Áfrýjað	Sýknað í Hæstarétti		Sakfelld í Hæstarétti		Ódæmt í Hæstarétti	
	Fjöldi	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi		Fjöldi	%	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi
2002	9	2	22	7	78	0	0	6	86	2	0		1		0		
2003	16	3	19	13	81	1	8	12	92	0	0		0		0		
2004	6	1	17	5	83	1	20	4	80	0	0		0		0		
2005	13	3	23	10	77	1	10	9	90	2	0		2		0		
2006	19	3	16	16	84	1	6	14	88	0	0		0		0		

Í ofangreindri töflu má sjá tölur yfir fjölda mála sem heimfærð hafa verið undir 210. gr. almennra hegningarlaga og bárust ríkissaksóknara undanfarin 5 ár.

Hvað varðar fyrri ár er rétt að geta þess til skýringar að árið 2002 var ein ákæra afturkölluð eftir að ákærði lést. Það ár var tveimur málum áfrýjað til Hæstaréttar en önnur áfrýjunin afturkölluð. Þá var í einu máli ákært bæði fyrir brot gegn 2. og 4. mgr. 210. gr. Árið 2003 var í tveimur tilvikum ákært fyrir bæði ákvæðin, í einu tilviki árið 2004 og þremur 2005.

Árið 2006 bárust 19 mál. Af þeim voru 18 talin varða við 4. mgr. 210. gr. en eitt við 1. mgr. sama ákvæðis. Ákært var í 16 málum og er eitt þeirra mála ódæmt. Í fimm málum voru fleiri en einn sakborningur og málin felld niður á hendur sumum en aðrir ákærðir í sama máli. Í fjórum málum var einnig ákært fyrir brot gegn fleiri ákvæðum en 210. gr.

2.4. Fallið frá saksókn

Árið 2006 féll ríkissaksóknari frá saksókn í sex málum samkvæmt heimild í 2. mgr. 113. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Málsatvik voru í meginatriðum eins og hér greinir:

2.4.1. Kona sendi á árinu 2005 hótanir um líflát með sms skilaboðum til starfsmanna sveitarfélags sem störfuðu á vistheimili fyrir fötluð börn. Háttsemin var talin hafa falið í sér brot gegn valdstjórninni og gat varðað við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga. Konan var sjálfræðissvipt og hafði átt við mikil geðræn veikindi að stríða til nokkurra ára en hún hafði verið dæmd fyrir önnur brot eftir að hún framdi þetta brot. Hefði samkvæmt 78. gr. almennra hegningarlaga átt að ákveða refsingu í seinna málinu eins og bæði málin hefðu verið dæmd saman. Var talið að ef umrædd brot hefðu verið dæmd saman hefði seinna brotið ekki haft nein áhrif til þyngingar þeirrar refsingar sem henni var gerð með dóminum. Fallið var frá saksókn með vísan til d-liðar 2. mgr. 113. gr.

2.4.2. 17 ára piltur var talinn hafa framið kynferðisbrot gegn 13 ára stúlku með því að hafa átt við hana samræði á árinu 2005 á heimili stúlkunnar þegar pilturinn var 16 ára. Háttsemi pilsins gat varðað við 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga. Upplýst var að stúlkan og pilturinn þekktust vel og var samræðið með samþykki stúlkunnar. Ekki var talið að almannahagsmunir krefðust málshöfðunar. Fallið var frá saksókn með vísan til f-liðar 2. mgr. 113. gr.

2.4.3. 17 ára piltur varð valdur að dauða 16 ára pils í umferðarslysi sem átti sér stað á árinu 2005. Háttsemi pilsins var talin hafa falið í sér manndráp af gáleysi og gat varðað við 215. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga. Samkvæmt skýrslu geðlæknis hafði slysið verið öllum höfðum mjög þungbært og haft verulega íþyngjandi áhrif á geðheilsu hans og var nauðsynlegt að hann sætti sérstakri meðferð til að ná fullri geðheilsu að nýju. Hinn látni var vinur öllum höfðum og aðdragandi slyssins var með sérstökum hætti. Þótti sýnt að brot höfðu valdið öllum höfðum óvenjulegum þjáningum og málssókn þótti ekki brýn af refsivörsluástandum. Fallið var frá saksókn með vísan til c-liðar 2. mgr. 113. gr.

2.4.4. Kona kveikti eld í íbúðarhúsi sem var dvalarstaður hennar. Annar íbúi í húsinu náði að slökkva eldinn án þess að hljóta af verulegan líkamlegan skaða og varð ekki mikið eignatjón. Háttsemi konunnar var talin hafa falið í sér almannahættubrot og gat varðað við 164. gr. almennra hegningarlaga. Konan var samkvæmt skýrslu geðlæknis haldin alvarlegum geðsjúkdómi, talin ófær um að átta sig á afleiðingum háttsemi sinnar og því ósakhæf. Ekki var talið nauðsynlegt að gera kröfu um að hún yrði beitt öryggisráðstöfunum. Fallið var frá saksókn með vísan til b-liðar 2. mgr. 113. gr.

2.4.5. Karlmaður þvingaði 11 ára dreng með líkamlegu valdi í bifreið sína og ók með drenginn að heimili hans. Upplýst var að drengurinn var um 5 mínútur í bifreið mannsins. Háttsemi mannsins var talin hafa falið í sér brot gegn frjálrsæði manna og gat varðað við 225. gr. almennra hegningarlaga. Talið var, að sérstaklega hafi staðið á vegna aðdraganda verknaðar þar sem upplýst var að drengurinn hafði skömmu áður en verknaður átti sér stað, ásamt öðrum jafnaldra sínum, hent plastflösku í bifreið mannsins. Maðurinn viðurkenndi að hafa gengið of harkalega fram og hafði beðist afsökunar á háttsemi sinni. Sýnt þótti að háttsemi drengjanna var talin til þess fallin að skapa hættu í umferðinni og valda tjóni á bifreið mannsins. Þá var ekki talið að almannahagsmunir krefðust málshöfðunar. Fallið var frá saksókn með vísan til f-liðar 2. mgr. 113. gr.

2.4.6. Kona sem starfaði sem hjúkrunarforstjóri á dvalarheimili aldraðra misnotaði sér aðstöðu sína og stal lyfjum frá heimilinu á árinu 2005. Háttsemi hennar var talin hafa falið í sér auðgunarbrot og gat varðað við 244. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt 141. gr. a. sömu laga var konan ekki talin vera opinber starfsmaður í skilningi 139. gr. laganna og var sérákvæðið því ekki talið eiga við um háttsemi konunnar. Um óverulegt magn lyfja var að ræða og ekki var talið að almannahagsmunir krefðust málshöfðunar. Fallið var frá saksókn með vísan til a- og f-liða 2. mgr. 113. gr.

2.5. Sektarboð og sektargerðir

Í árslok 2006 höfðu lögreglustjórar sent út 34.667 sektarboð, langflest vegna umferðarlagabrota. Þar af höfðu 28.847 sektir verið greiddar á árinu en það er 83,2% af útsendum sektarboðum. Þau brot sem oftast var sektað fyrir var of hraður akstur 23.945 eða í 69% tilvika. Alls fóru 2.663 sektarboð til meðferðar fyrir dómstólum annað hvort sem áritunarmál eða ákærumál.

Sektargerðir lögreglustjóra voru 3.452 í árslok. Þar af höfðu 2.101 verið greiddar á árinu eða 60,9%. Flest málin vörðuðu umferðarlagabrot eða 2901 þar af 984 vegna ölvunaraksturs og 3 vegna ölvunar við stjórn reiðhjól. Alls var 981 minni háttar brotum gegn lögum um meðferð ávana- og fíkniefna lokið með sektargerð og 76 auðgunarbrotum og er þá aðallega um að ræða þjófnaðarbrot.

Það athugist að hvert sektarboð og hver sektargerð getur varðað fleiri en eitt brot.

2.6. Tímalengd gæsluvarðhalds

Gæsluvarðhaldsúrskurðir uppkveðnir á árinu 2006 og fyrirkomulag gæsluvarðhaldsvistar.

Fjöldi úrskurða	130
Fjöldi einstaklinga	115
Dagar úrskurðaðir	7610
Dagar í gæslu	6712

Fyrirkomulag, sbr. 1. mgr. 108. gr. laga nr. 19/1991:

	Dagur	Meðaldagafjöldi	Lágm.	Hám.
Án skilyrða skv. 1. mgr. 108. gr. *)	5303	110,48	1	390
bcd-liður 1. mgr. 108. gr.	324	9,00	1	29
bcde-liður 1. mgr. 108. gr.	877	9,04	1	40
bce-liður 1. mgr. 108. gr. **)	26	8,67	2	17
c-liðar 1. mgr. 108. gr.	13	4,33	1	11
bde-liðar 1. mgr. 108. gr.	7	7,00	7	7
cd-liðar 1. mgr. 108. gr.	162	18,00	3	45
Samtals	6712			

*) Ekki um einangrun að ræða

**) Um algjöra einangrun er að ræða þegar beitt er b, c, d, og e-liðum saman, en einangrun að vissu marki þegar beitt er þremur eða færri liðum.

2.7. Kærðar ákvarðanir lögreglustjóra

Alls sættu 39 mál kæru til ríkissaksóknara þar sem lögreglustjóri hafði ákveðið, að rannsókn aflokinni, að höfða ekki mál með vísan til 112. gr. laga um meðferð opinberra mála, þ.e. það sem fram kom við rannsóknina þótti ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis. Kæruheimildina er að finna í 1. mgr. 114. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Kæru á grundvelli 1. mgr. 114. gr. oml.

Kæru	Ákvörðun felld úr gildi	Ákvörðun staðfest
39	15	24

Brotaflokkur	Fjöldi
Auðgunarbrot og önnur brot er varða fjárréttindi	1
Líkamsárásir	29
Húsbrot	0
Ærumeiðingar	0
Hótanir	1
Þjófnaður	2
Eignaspjöll	3
Sérrefsilagabrot	3
Samtals	39

- Í einu máli var fallið frá saksókn
- Í tveimur málum var kært á ný eftir að ákv. var felld úr gildi

Ríkissaksóknara bárust 58 kærur vegna ákvarðana lögreglustjóra um að vísa kærur frá án rannsóknar eða hætta rannsókn, sbr. 1. mgr. 76. gr. laga um meðferð opinberra mála. Kæruheimildina er að finna í ákvæðinu, þ.e. 1. mgr. 76. gr.

Kæur á grundvelli 76.gr. oml.

Kæur	Ákvörðun felld úr gildi	Ákvörðun staðfest
58	19	39
Brotaflokkur	Fjöldi	
Auðgunarbrot og önnur brot er varða fjárréttindi	19	
Íkveikja	1	
Rangar sakargiftir	3	
Kynferðisbrot	3	
Líkamsárásir	3	
Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs	2	
Hótanir	2	
Þjófnaðir	2	
Eignaspjöll	4	
Sérrefsilagabrot	18	
Annað	1	
Samtals	58	

• Í tveimur málum var kært á ný eftir að ákv. var felld úr gildi

2.8. Kæur samkvæmt 35. gr. lögreglulaga

Samkvæmt 35. gr. lögreglulaga fer ríkissaksóknari með rannsókn kærumála vegna ætlaðra refsiverðra brota starfsmanna lögreglu við framkvæmd starfa þeirra. Um rannsókn mála þessara og afgreiðslu gilda því lög um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Málalok geta samkvæmt þeim lögum verið með fernum hætti; kærur er vísað frá sbr. 1. mgr. 76. gr., rannsókn er hætt skv. sama ákvæði, málið er felld niður að rannsókn ríkissaksóknara aflokinni ef það sem fram kemur við rannsóknina telst ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis, sbr. 112. gr., og að lokum er heimilt að falla frá saksókn skv. ákvæðum 113. gr. laganna, þó að ætla megi, samkvæmt játningu kærða og öðrum gögnum, að brot hafi verið framið.

Kvörtunum eða athugasemdum vegna framgöngu og starfshátta lögreglu, þegar ekki er um refsiverða háttsemi að ræða, á hins vegar ekki að beina til ríkissaksóknara heldur viðkomandi lögreglustjóra eða ríkislögreglustjóra eftir atvikum.

Ríkissaksóknara bárust 17 kærur á hendur starfsmönnum lögreglu fyrir ætluð refsiverð brot við framkvæmd starfa þeirra. Kæra var afturkölluð í einu málanna. Flest kærur málin, eða 10, tengdust handtökum kæranda þannig að kærðar voru ólögðar handtök og/eða harðræði/líkamsárás í tengslum við handtök og vistun í fangaklefa. Ekkert þeirra mála leiddi til ákæru á hendur lögreglumönnum. Hins vegar gerði ríkissaksóknari athugasemdir við vinnubrögð lögreglu í þremur málanna, einkum með hliðsjón af meðalhófsreglunni, án þess að talið væri að um refsiverða háttsemi hefði verið að ræða. Var þessum athugasemdum komið á framfæri við viðkomandi lögreglustjóra. Kærendur í þremur framangreindra 10 mála voru, vegna sömu atburðarásar, ákærðir fyrir brot gegn valdstjórninni vegna ofbeldis og ofbeldishótana gagnvart þeim lögreglumönnum sem höfðu af þeim afskipti. Sakfellt var í öllum málunum í héraðsdómi. Einu málanna var áfrýjað og sýknaði Hæstiréttur ákærða.

Í einu máli var kært meint ofbeldi lögreglu án þess að það tengdist handtöku viðkomandi, en í því máli kærði mótmælandi við Kárahnjúka lögreglumann fyrir að hafa ekið á hann, án þess þó að meiðslum væri lýst í kærubréfi lögmanns kæranda eða síðar við rannsóknina. Skýrslur voru teknar af kærða og öðrum lögreglumönnum sem voru í bifreiðinni og var lýsing þeirra á atvikum mjög á annan veg en fram kom í kærubréfi. Einnig lá fyrir ljósmynd af kæranda umrætt sinn og var sú ljósmynd heldur til stuðnings lýsingu lögreglumannanna á atvikum. Reynt var án árangurs að fá kæranda til skýrslugjafar í málinu. Rannsókn málsins var hætt á grundvelli 1. mgr. 76. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991.

Í tveimur málum var kæruefnið meintur upplýsingaleki frá lögreglu til óviðkomandi aðila. Ekki þóttu efni til frekari aðgerða af hálfu ríkissaksóknara í þeim málum eftir að málsatvik og fyrirbyggjandi gögn höfðu verið skoðuð. Í einu málanna rannsaði ríkissaksóknari atvik sem lutu að samskiptum lögreglumanna við upplýsingagjafa og þótti þar sýnt að lögreglumennirnir hefðu ekki fylgt fyrirmælum/leiðbeiningum ríkissaksóknara um samskipti við upplýsingagjafa, án

Þess þó að framganga þeirra kynni að varða þá refsiviðurlögum. Var málið því felld niður á grundvelli 112. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Þá kærði maður hvarf á peningum úr peningaveski sem hann taldi lögreglumann, sem leitað hafði í veski hans, bera ábyrgð á. Skoðun á gögnum málsins sýndi, að mati ríkissaksóknara, með óyggjandi hætti fram á að sú var ekki raunin og var rannsókn málsins því hætt.

Í einu máli taldi kærandi lögreglu hafa beitt sig órétti á tvennan hátt. Í fyrsta lagi með því að neita að taka niður kæru hans um heimilisofbeldi í garð móður hans, og í öðru lagi með því að hafa farið í heimildarleysi inn á heimili kæranda ásamt stjúpföður hans og haft í frammi hótanir í garð manns sem þar var, en kærandi var ekki staddur í íbúðinni heldur menn sem hann hafði heimilað að dvelja þar á meðan hann var í afplánun í fangelsi. Vísaði lögregla þeim mönnum út að beiðni stjúpföður kæranda sem hafði lykklavöld að íbúðinni. Íbúðin var eign móðursystur kæranda, en hann hafði búið þar um skeið áður en umrætt atvik átti sér stað. Í viðtali á skrifstofu ríkissaksóknara var kæranda kynnt dagbókarfærsla lögreglu um það atvik er hann kom á lögreglustöð til að bera fram kæru um heimilisofbeldi og honum jafnframt bent á að hann gæti leitað til lögreglu að nýju til að bera fram kærana, eða ritað og sent ríkissaksóknara formlegt kærubréf þar um. Var ekki um frekari aðgerðir ríkissaksóknara að ræða hvað þennan þátt varðaði. Við rannsókn ríkissaksóknara á síðarnefnda kæruefninu voru m.a. teknar skýrslur af þeim sem á vettvangi voru, öðrum en lögreglumönnum. Í bréfi ríkissaksóknara til kæranda um lok málsins segir í niðurlagi, eftir að málsatvik höfðu verið reifuð: „Hér með tilkynnist yður að málsatvik, eins og þau liggja fyrir í gögnum, þykja ekki gefa tilefni til frekari aðgerða af hálfu ríkissaksóknara á grundvelli kæru yðar enda er ekki ástæða til að ætla að lögreglumennirnir hafi drýgt refsiverða háttsemi þegar þeir vísuðu [...] og [...] út úr íbúðinni að [...] að ósk [...]. Rannsókn málsins er því hætt, sbr. 1. mgr. 76. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991.”

Ofangreindur kærandi bar í tvígang fram kvörtun til umboðsmanns Alþingis vegna málsmeðferðar ríkissaksóknara og vörðuðu kvartanirnar sitt hvort kæruefni hans. Í bréfi sínu til ríkissaksóknara varðandi hið fyrra minnti umboðsmaður á þá meginreglu stjórnvöldur að „...hver sá sem beri upp skriflegt erindi við stjórnvöld eigi rétt á skriflegu svari þess stjórnvalds sem í hlut á nema ljóst megi telja að svars sé ekki vænst. Svari stjórnvald aftur á móti skriflegu erindi munnlega hefur í álitum umboðsmanns og skrifum fræðimanna verið minnst á nauðsyn þess að gengið sé úr skugga um að aðili sætti sig við að fá munnleg svör við erindinu og geri sér grein fyrir að frekari svara sé ekki að vænta. Að öðrum kosti verður stjórnvald að staðfesta svar sitt skriflega.” Varðandi seinni kvörtunina taldi umboðsmaður rétt að koma ábendingu á framfæri við embætti ríkissaksóknara sem laut að efni rökstuðnings embættisins til kæranda. Í niðurlagi bréfs umboðsmanns segir: „Ég tel að það hefði verið í betra samræmi við 22. gr. stjórnvöldslulaga ef í rökstuðningi embættis yðar til [...] hefði nána verið skýrt á hvaða málsatvikum eða sjónarmiðum það mat embættis yðar, að ekki væri ástæða til að ætla að lögreglumennirnir hefðu drýgt refsiverða háttsemi, var byggt. Tel ég að það hefði til að mynda verið til bóta ef í rökstuðningnum hefði komið fram sú ástæða, sem fram kom í skýringum embættis yðar til mín, að lögreglumennirnir hafi verið að aðstoða mann sem þeir hafi haft réttmæta ástæðu til að ætla að hefði umsjón með íbúðinni.”

Að lokum tók ríkissaksóknari til rannsóknar framkvæmd lögregluaðgerða er maður sem lögreglan handtók fór í öndunar- og hjartastopp og lést viku síðar. Lögregla var kölluð til vegna þess að maður gekk berserksgang á hóteli, að sögn starfsmanna hótelsins. Maðurinn var mjög æstur þegar lögregla kom á vettvang og veitti mikla mótspyrnu við handtöku. Hann barðist mikið um í tókum lögreglu þegar verið var að setja hann í handjárn og færa hann út af hótelinu, auk þess sem halda þurfti fótum hans í lögreglubifreiðinni. Við komu lögreglubifreiðarinnar í port lögreglustöðvar reyndist hinn handtekni vera í öndunar- og hjartastoppi. Maðurinn lést viku síðar án þess að komast til meðvitundar. Réttarkrúfning fór fram í kjölfar andláts mannsins. Í krufningarskýrslu réttarmeinafræðings kom m.a. fram að ytri áverkar, sem hafi verið yfirborðskenndir og minniháttar, væru í samræmi við lýsingu vitna og lögreglumanna við rannsóknina. Ættu þeir engan þátt í dauðanum og gæfu ekki til kynna að um óeðlilega hörku hafi verið að ræða af hálfu lögreglu í meðhöndlun sinni á manningum. Þá kemur fram í krufningarskýrslunni að engin merki hafi sést um að viðkomandi hefði verið tekinn hálstaki eða að hann hefði kafnað. Dánarorsök mannsins samkvæmt nefndri skýrslu var æsingsóráðsheilkeni (excited delirium syndrome) og hafi æsingsóráðið orsakast af neyslu kókaíns og amfetamíns, sem þó var ekki í mjög miklu magni í blóði hans. Auk þess var maðurinn með undirliggjandi hjartasjúkdóm, sem taldist samverkandi þáttur í dauða hans. Málinu var lokið á grundvelli 112. gr. laga um meðferð opinberra mála.

2.9 Áfrýjunarmál

Áfrýjunarmál á árinu 2006 voru 97 talsins. Sex málum var áfrýjað að frumkvæði ákærvalds til sakfellingar eða þyngingar refsingar, en fallið var frá áfrýjun í einu þeirra.

Eitt málanna sem varðaði áfengislagabrot, var áfrýjað af hálfu ákærvalds til sakfellingar, en í því hafði X látið birta auglýsingar á áfengum bjór í tveimur dagblöðum. Var brotið talið varða við 20., sbr. 27. gr. áfengisлага nr. 75/1998, sbr. 15. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt. Í dómi Hæstaréttar var vísað til þess að í tveimur nánar tilgreindum dómum hefði verið mörkuð sú stefna að minni kröfur séu gerðar til að höfundur teljist hafa nafngreint sig í skilningi 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956 þegar auglýsingar eiga í hlut en ella gildir um annað efni. Tekið var fram að þær auglýsingar sem ákæra varðaði bæru hvorki með sér nafn höfundar né auglýsanda. Þá var ekki talið að í þeim væru auðkenni sem beint eða óbeint vísuðu til X eða þess fyrirtækis sem hann er framkvæmdastjóri hjá, en svo hafði verið í þeim auglýsingum sem fjallað var um í tilvitnuðum dómum. Var þar af leiðandi ekki talið að X hefði nafngreint sig í merkingu fyrrgreinds ákvæðis og hann því ekki talinn bera refsíabyrgð á efni auglýsinganna. Var samkvæmt því staðfest niðurstaða héraðsdóms um sýknu hans. Mál Hæstaréttar nr. 165/2006.

Í einu málanna, sem áfrýjað var að frumkvæði ákærvalds til sakfellingar, var J ákærður fyrir brot gegn lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd og skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með því að hafa ekið jarðýtu og rutt slóða í þeim tilgangi að gera reiðveg eftir leið sem X ákvarðaði. J viðurkenndi að hafa ekið jarðýtu með þeim hætti sem í ákæru greindi og að honum hefði láðst að spyrja hvort tilskilin leyfi væru til verksins. Taldi Hæstiréttur að í ljósi aðstæðna allra yrði að virða honum það til gáleysis, sérstaklega þegar litið var til þess viðkvæma landsvæðis sem raskað var víða á langri leið, reynslu hans og til þess hversu losaraleg framkvæmd og skipulag verksins var. Þótti verknaður J réttilega heimfærður undir 1. mgr. 17. gr., sbr. 76. gr. laga nr. 44/1999 og 1. mgr. 27. gr., sbr. 60. gr. skipulags- og byggingarlaga með áorðnum breytingum og hann dæmdur til að greiða 200.000 króna sekt í ríkissjóð. Mál Hæstaréttar nr. 458/2006

Þá var máli er varðaði tilraun til manndráps áfrýjað, að frumkvæði ákærvalds til refsíþyngingar, í málinu var X ákærður fyrir að hafa stungið föður sinn með hnífi í hægri síðu með þeim afleiðingum að hann hlaut lífshættulega áverka. Féllst Hæstiréttur á það með héraðsdómi að ósannað væri að X hefði fyrirfram ætlað að ráða föður sínum bana. Þegar litið var til atvika og þá einkum til þess hve hættulegu og stóru vopni X beitti, hvert hann beindi því og hve langt það gekk inn í líkama árásarþola, svo og með hliðsjón af afleiðingum stungunnar, þótti verða að álykta að X hafi hlotið að vera ljóst, er hann hóf atlöguna með hnífnum, að bani hlytist eða kynni að hljótast af henni. Taldi meirihluti réttarins því rétt að sakfella ákærða fyrir brot gegn 211. gr. sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga, en héraðsdómur hafði heimfært brotið undir 2. mgr. 218. gr. laganna. Eftir atvikum öllum þótti rétt að ákveða refsingu hans með hliðsjón af 2. mgr. 20. gr. og fyrri málslíð 75. gr. almennra hegningarlaga, auk þess sem litið var til 1., 2., 4. og 5. tl. 70. gr. laganna. Að öllu virtu þótti refsing X hæfilega ákveðin fangelsi í 2 ár, en þar af voru 1 ár og 9 mánuðir skilorðsbundnir. Í héraðsdómi hafði ákærði verið dæmdur til að sæta fangelsi í 1 ár, þar af voru 9 mánuðir skilorðsbundir. Mál Hæstaréttar nr. 562/2006.

Tvö málanna, sem áfrýjað var að frumkvæði ákærvalds til refsíþyngingar, vörðuðu skattalagabrot. Í báðum tilfellum reyndi á að hve miklu leyti taka ætti tillit til innborgana ákærðu upp í gjaldfallnar skattskuldir við ákvörðun refsingar, sbr. 1. og 3. gr. laga nr. 134/2005. Í öðru málanna var refsing milduð en í hinu var refsing þyngd. Mál Hæstaréttar nr. 264 og 311/2006.

Í 91 máli sem áfrýjað var af hálfu dómfelldra voru staðfestar niðurstöður héraðsdómara í 45 málum, refsing þyngd í 20 málum en milduð í 15 málum. Sýknað var í 6 málum, einu heimvísað, einu vísað frá héraðsdómi og einu vísað frá Hæstarétti. Þá var fallið frá áfrýjun í tveimur málum. Rétt er að taka fram að í máli nr. 392/2006 var til umfjöllunar ákæra á hendur sjö mönnum (þætti tveggja sem ákærðir höfðu verið til viðbótar var ekki áfrýjað) og var refsing þriggja milduð, málinu vísað frá héraðsdómi hvað varðaði tvo ákærðu og einn var sýknaður.

Fjöldi áfrýjana eftir brotaflokkum 2006

Hegningarlagabrot			
Kynferðisbrot	14	Nytjastuldur	1
Auðgunarbrot	13	Meiðyrði	1
Líkamsárásir	11	Brot í opinberu starfi	1
Fíkniefnabrot	10		
Manndráp	4	Sérrefsilagabrot	
Hótanir	4	Skattalagabrot	5
Rán	3	Umferðarlagabrot	4
Tilraun til manndráps	2	Fiskveiðibrot	1
Manndráp af gáleysi	2	Iðnaðarlög	2
Hættubrot	2	Tryggingalög	1
Frelsisvipting	2	Lög um útlendinga	1
Brot gegn valdstjórninni	2	Útvarpslög	1
Eignaspjöll	1	Vopnalög	1
Skjalafals	1		
Rangur framburður	1	Samtals	91

3. kafli

Dómsmeðferð mála

Hér gefur að líta annál mála sem ríkissaksóknari flutti fyrir dómi árið 2006, í héraði og fyrir Hæstarétti.

3.1. Manndráp

Á árinu féllu dómur í tveimur manndrápsmálum í Hæstarétti. Með dómi réttarins í máli nr. 408/2005 var staðfest niðurstaða héraðsdóms um sakfellingu karlmanns fyrir að hafa banað eiginkonu sinni en refsing hans var þyngd úr 9 árum í 11 ár. Með dómi réttarins í máli nr. 524/2005 var staðfest niðurstaða héraðsdóms um 16 ára fangelsisrefsingu P fyrir að hafa banað manni með hnífstungu og fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás gagnvart öðrum manni. Þá féll dómur í máli karlmanns sem ákærður var fyrir tilraun til manndráps með því að hafa fyrirvaralaust lagt til leigubifreiðastjóra með óþekktu eggvopni en með dómi réttarins í máli nr. 45/2006 var staðfest niðurstaða héraðsdóms um 5 ára fangelsisrefsingu ákærða. Loks féll dómur í máli karlmanns sem ákærður hafði verið fyrir tilraun til manndráps með því að hafa slegið fyrrum sambýliskonu sína margsinnis í höfuðið með felgulykli. Ákærði var í héraði sakfelldur samkvæmt ákæru og dæmdur til að sæta fangelsi í 5 ár og 6 mánuði. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 551/2005 þótti ekki sannað að ásetningur ákærða hafi staðið til að ráða konunni bana og var hann því sakfelldur fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás og dæmdur til að sæta fangelsi í 2 ár og 6 mánuði.

Gefnar voru út sex ákæru á árinu þar sem ákært var fyrir tilraun til manndráps. Í einu máli var sýknað vegna sakhæfisskorts.

M. 036-2005-9049, 3432, 31756

T 19 ára var ákærður fyrir tilraun til manndráps með því að hafa ráðist að E 19 ára, vopnaður stórum hnífi eða sveðju og höggvið ítrekað í höfuð hans og líkama. T var jafnframt ákærður fyrir sérstaklega hættulegar líkamsárásir, minni háttar líkamsárás, hótanir og fíkniefnalagabrot. Í sama máli voru HG og BK 19 ára ákærðir fyrir minni háttar líkamsárásir, HM 19 ára fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás og ÁP, HM, T og PP allir fyrir minni háttar líkamsárás. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum hinn 12. apríl 2006 í máli nr. 190/2006 voru ákærðu sakfelldir og T dæmdur til að sæta fangelsi í 6 ár, HG í 4 mánuði, ÁP og HM í 6 mánuði, BK í 3 mánuði, skilorðsbundið í 3 ár, og PP í 4 mánuði, skilorðsbundið í 3 ár. Málinu var áfrýjað að því er varðaði T, ÁP og HG og með dómi Hæstaréttar uppkveðnum hinn 7. desember 2006 í máli nr. 410/2006 var ákvörðun héraðsdóms um refsingu ákærðu staðfest.

M. 010-2006-10233

D 21 árs og S 20 ára voru ákærðir fyrir að veitast að R. Ákærði S með því að hafa slegið hann krepptum hnefa í andlitið og ákærði D með því að hafa í beinu framhaldi af atlögu S, stungið R tvívegis með hnífi með þeim afleiðingum að hann hlaut tvö stungusár vinstra megin á brjóstholi aftan til og náði önnur stungan inn í vinstra lunga og olli samfalli á lunganu. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 9. júní 2006 í máli nr. 630/2006 var ákærði S sakfelldur fyrir minni háttar líkamsárás og dæmdur til að sæta fangelsi í 4 mánuði en fullnusta 3 mánaða var frestað skilorðsbundið í 2 ár. Ákærði D var sakfelldur fyrir tilraun til manndráps og dæmdur til að sæta fangelsi í 5 ár. Með dómi Hæstaréttar uppkveðnum hinn 25. janúar 2007 var ákvörðun héraðsdóms um refsingu ákærðu staðfest.

M. 010-2006-28846

G 19 ára var ákærður fyrir tilraun til manndráps með því að hafa veist að föður sínum, Ó, og stungið hann með hnífi í hægri síðu með þeim afleiðingum að Ó hlaut lífshættulega áverka við það að hnífurinn gekk í gegnum lifrablað og skaddaði hægra nýra hans. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 19. september 2006 í máli nr. 1141/2006 var ákærði sakfelldur fyrir stórfellda líkamsárás þar sem ekki þótti sannað að fyrir ákærða hafi vakað að verða Ó að bana og þótti varhugavert að fullyrða að honum hafi hlotið að vera það ljóst að mannsbani kynni að hljóta af atlögunni. Var ákærði dæmdur til að sæta fangelsi í 12 mánuði en fullnustu 9 mánaða var frestað skilorðsbundið í 5 ár. Málinu var áfrýjað og með dómi Hæstaréttar uppkveðnum hinn 1. mars 2007 í máli nr. 562/2006 var ákærði sakfelldur fyrir tilraun til manndráps og dæmdur til að sæta fangelsi í 2 ár en fullnustu 21 mánaðar var frestað skilorðsbundið í 5 ár.

M. 010-2006-43900

AS 16 ára var ákærður fyrir tilraun til manndráps með því að hafa veist aftan að AG, vopnaður hnífi með 9,8 sm löngu blaði, í þeim tilgangi að bana honum, og stungið hann einu sinni efst í brjósthrygg, hægra megin við hryggjartinda. Við þetta hlaut AG 2,5 sm breitt og 4 sm djúpt stungusár. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 8. febrúar 2007 í máli nr. 1948/2006 var ákærði sakfelldur samkvæmt ákæru og dæmdur til að sæta fangelsi í 4 ár.

M. 036-2006-5986

A 19 ára var ákærður fyrir tilraun til manndráps með því að hafa, aðfaranótt sunnudagsins 14. maí 2006, fyrir utan tiltekið hús í Hafnarfirði, stungið M með hnífi neðarlega í bakið hægra megin, með þeim afleiðingum að hann hlaut lífshættulegan áverka er hnífurinn gekk inn á milli hryggjartinda, inn í

mænugöng og skaðaði taugar. Þá var hann jafnframt ákærður fyrir þjófnað og tilraun til nytjastuldar. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum hinn 23. nóvember 2006 í máli nr. S-1280/2006 var ákærði sakfelldur og dæmdur í 5 ára fangelsi og til greiðslu bóta. Málinu var áfrýjað og með dómi Hæstaréttar uppkveðnum hinn 18. júní 2006 var sakfelling staðfest og refsing ákærða þyngd í 5 ár og 6 mánuði

3.2. Manndráp af gáleysi

Ein ákæra var gefin út á árinu þar sem ákært var fyrir manndráp af gáleysi. J 50 ára var ákærður fyrir hegningarlagabrot og brot gegn siglingalögum með því að hafa, aðfaranótt laugardagsins 10. september 2005, sem skipstjóri skemmtibátsins H á siglingu um Sundin með fjóra farþega, verið undir áhrifum áfengis við stjórn bátsins og ekki haft gát á siglingaleiðinni er siglt var, um kl. 01.38, í talsverðum vindi og slæmu skyggni; næturmyrkri og rigningu, úr vestri með stefnu inn á Viðeyjarsund á vaxandi hraða og hafa þannig með stórfelldri vanrækslu í skipstjórnarstarfi orðið valdur að því að báturinn steytti á Skarfaskeri á allt að 17 sjómílna hraða með þeim afleiðingum að farþeginn F, fæddur 1971, lést af völdum áverka sem hann hlaut þegar báturinn skall á skerinu og farþeginn G, fædd 1955, eiginkona ákærða, hlaut verulega áverka við strandið; rifbrot á mörgum rifbeinum, loftbrjóst og blæðingu í brjósthol og með því að hafa ekki gert ráðstafanir til bjargar farþegum eftir að stórlega laskaður báturinn losnaði af skerinu um kl. 01.58, hvorki leitað aðstoðar björgunarliða né siglt bátnum skemmstu leið til lands, heldur tekið stefnu austur Viðeyjarsund þar sem bátnum hvolfdi skömmu síðar með þeim afleiðingum að farþeginn M, fædd 1954, drukknaði og G hlaut ofkælingu við að lenda í sjónum og halda sér síðan á kili bátsins þar til henni, ákærða og 11 ára syni þeirra hjóna var bjargað um kl. 03.11. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 6. júní 2006 í máli nr. S-292/2006 var ákærði sakfelldur og dæmdur í þriggja ára fangelsi og greiðslu bóta. Dómnum var áfrýjað og með dómi Hæstaréttar uppkveðnum hinn 10. maí 2007 var niðurstaða héraðsdóms um refsingu og bætur staðfest.

3.3. Líkamsmeiðingar

Fyrir Hæstarétti voru flutt níu mál er vörðuðu brot gegn 2. mgr. 218. gr. alm. hgl. Þá voru flutt nokkur mál fyrir Hæstarétti vegna brota gegn 217. og 1. mgr. 218. gr. alm. hgl. í málum sem lögreglustjórar höfðu ákært í og flutt í héraði.

Á árinu voru gefnar út 42 ákæsur vegna stórfelldra líkamsmeiðinga eða sérstaklega hættulegra líkamsárása, sbr. 2. mgr. 218. gr. alm. hgl. Sex málum er ólokið en þar af eru fimm mál þar sem sakfellt var í héraði að öllu leyti eða að hluta en málunum hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar og eru enn til meðferðar þar. Í þremur málum var sýknað af kröfum ákæruvaldsins. Þá var gefin út ein ákæra vegna líkamsmeiðinga af gáleysi, sbr. 219. gr. alm. hgl.

Ýmsir héraðsdómar sem varða brot gegn 2. mgr. 218. gr. alm. hgl.:

M. 010-2006-18486

B var ákærður fyrir að hafa lagt til J með hnífi með þeim afleiðingum að hann hlaut 3,5 sm skurð á hægri kinn, rispur á hægri kinn og efri vör og 12 – 13 sm rispu á vinstri öxl, lagt til K, sambýliskonu sinnar, með hnífi með þeim afleiðingum að hún hlaut 3,5 – 4 sm skurð í hægri lófa sem tók í sundur hluta af vöðva og fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 17. janúar 2007 í máli nr. S-2037/2006 var ákærði dæmdur til að sæta fangelsi í 15 mánuði en fullnustu 12 mánaða var frestað skilorðsbundið í 3 ár.

M. 010-2005-51122

M var ákærður fyrir að hafa slegið G í andlitið með glasi með þeim afleiðingum að hann hlaut sex talsvert stóra skurði á andliti auk fjölda skráma. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 10. nóvember 2006 í máli nr. S-1369/2006 var ákærði dæmdur til að sæta fangelsi í 6 mánuði, skilorðsbundið í 3 ár.

M. 010-2005-40182

J var ákærður fyrir að hafa hrint A, unnustu sinni, í gólfíð og sparkað af aflí í neðanvert bak hennar með þeim afleiðingum að gat kom á smágirni. Við þetta komst A í lífshættulegt ástand og þurfti að undirgangast skurðaðgerð. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 30. maí 2006 í máli nr. S-106/2006 var ákærði dæmdur til að sæta fangelsi í 5 mánuði, skilorðsbundið í 3 ár.

M. 010-2005-47315

Þ var ákærður fyrir að hafa slegið P hnefahögg í höfuðið með þeim afleiðingum að hann féll og höfuð hans lenti á götunni. Við þetta hlaut P sprungu í höfuðkúpu á gagnaugasvæði vinstra megin og blæðingu á heila sem leiddi meðal annars til þess að hann hlaut minnis- og taltruflanir. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 17. október 2006 í máli nr. S-357/2006 var ákærði dæmdur til að sæta fangelsi í 3 mánuði, skilorðsbundið í 2 ár.

M. 033-2005-3511

G var ákærður fyrir að hafa kastað gangstéttarhellubroti í andlit J, með þeim afleiðingum að J hlaut skurð sem náði frá hægri augnkrók niður eftir andliti, í gegnum efri vör inn að slímhúð neðri varar, auk þess sem 6 tennur brotnuðu í munni hans. Í ákæru kom fram að J þjádíst enn af verkjum í líkamanum, skertu skammtímaminni, svima og sjóntruflunum og að óvist væri um batahorfur. Með dómi Héraðsdóms Suðurlands uppkveðnum hinn 19. júní 2006 í máli nr. S-236/2006 var ákærði dæmdur til að sæta fangelsi í 5 mánuði, skilorðsbundið í 2 ár.

M. 010-2005-10324 (falið lögreglustjóranum í Reykjavík, nú á höfuðborgarsvæðinu)

H var ákærður fyrir að hafa slegið A í höfuðið með öxi og brugðið hnífi að andliti hans, með þeim afleiðingum að A hlaut mar til hliðar vinstra megin á höfði og við vinstra gagnauga og 2-3 sm langa rispu út frá vinstri augnkrók. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 30. október 2006 í máli nr. S-1163/2006 var ákærði dæmdur til að sæta fangelsi í 6 mánuði en fullnustu 4 mánaða var frestað skilorðsbundið í 3 ár.

M. 010-2006-10420

S var ákærður fyrir að hafa stungið R fimm sinnum með hnífi í líkamann með þeim afleiðingum að R hlaut þrjú sár hægra megin á brjóstbaki, eitt vinstra megin á síðu og eitt á mjóbaki. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 2. nóvember 2006 í máli nr. S-1140/2006 var ákærði dæmdur til að sæta fangelsi í 12 mánuði en þar af voru 9 mánuðir skilorðsbundnir í 3 ár.

M. 034-2005-12229

A var ákærður fyrir að hafa slegið P með glerglasi í höfuðið með þeim afleiðingum að P hlaut nokkra djúpa skurði vinstra megin á höfði og á gagnaugasvæði, sem leiddi til þess að slagæð fór í sundur og P missti 1,5 – 2 lítra af blóði og komst í „sjökkástand.“ Með dómi Héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum hinn 20. desember 2006 í máli nr. S-1415/2006 var ákærði dæmdur til að sæta fangelsi í 6 mánuði, skilorðsbundið í 4 ár.

M 036-2006-7746 o.fl.

GG var ákærður fyrir að ráðast í heimildarleysi inn í íbúð, ráðast þar að A og slá hann með kúbeini í höfuðið, með þeim afleiðingum að A hlaut 2 sm langt og 1 sm djúpt sár á vinstra eyra og 3 sm langan og 2 sm djúpan skurð framan við vinstra eyra. Í sömu ákæru var B gefið að sök að hafa skotið tveimur skotum úr haglabyssu inn í hús vitandi af mönnum inni í húsinu, með þeim afleiðingum að högl fóru í höfuð og hægri handlegg A en með þessari háttsemi stofnaði ákærði B lífi og heilsu E og I í augljósan háska en þeir voru einnig inni í húsinu. GG og GP voru ákærðir fyrir hlutdeild í síðastnefndu broti. Þá var ákærða GG gefin að sök tilraun til brennu með því að hafa borið eld að bensíni í glerflösku og kastað logandi flöskunni inn um gat á rúðu í eldhúsglugga sama húss. Ekki hlaut eldsvoði af háttseminni þar sem eldurinn slokkaði af sjálfu sér. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum hinn 16. apríl 2007 í máli nr. S-1649/2006 voru ákærðu sakfelldir fyrir áðurnefnd brot auk ýmissa annarra brota. Taldi dómurinn að með þeirri háttsemi ákærða B að hafa skotið tveimur skotum af haglabyssu inn í húsið hafi hann gerst sekur um hættubrot þar sem hann hafi með athæfi sínu stofnað lífi og heilsu þeirra manna sem inni í húsinu voru í augljósan háska. Hins vegar var talið að ekki væri komin fram viðhlítandi sönnun fyrir því að hagl hafi lent í höfði A og var B því ekki að auki sakfelldur fyrir líkamsárás. GG var dæmdur til að sæta fangelsi í 2 ár, B í 15 mánuði og GP í 9 mánuði, þar af 6 mánuði skilorðsbundna í 3 ár.

3.4 Ávana- og fíkniefnabrot

Í Hæstarétti voru þrjú dómur kveðnir upp fyrir stórfelld brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni samkvæmt 173. gr. a. hgl. Í öllum málunum var ákvörðun héraðsdóms um sakfellingu staðfest sem og refsing í einu málinu, en í hinum tveimur var refsing ákærðu þyngd.

Á árinu 2006 voru 23 ákærðir í 12 málum sem vörðuðu stórfelld brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni samkvæmt 173. gr. a. hgl. Hin ákærðu voru sakfelld og flest öll fengu óskilorðsbundna fangelsisrefsingu.

M. 026-2006-2492

P 24 ára, litháískur ríkisborgari, var ákærður fyrir stórfellt fíkniefnabrot, með því að hafa, fimmtudaginn 31. ágúst 2006, flutt hingað til lands 2.479,54 g af amfetamíni ætluðu til söludreifingar. Ákærði flutti efnið falið í drifskaftri bifreiðarinnar X af gerðinni BMW með farþegaferjunni Norrænu og fundu tollverðir efnið við komu ferjunnar til Seyðisfjarðar. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 5. janúar 2007 í máli nr. S-1949/2006 var ákærði sakfelldur og dæmdur í 2 ára og 6 mánaða fangelsi og upptöku fíkniefna.

M. 010-2006-38511

A 27 ára, E 32 ára, EH 18 ára, F 30 ára og G 21 árs voru ákærðir fyrir stórfellt fíkniefnalagabrot framið í ágóðaskyni með því að hafa í júlí og ágúst, lagt á ráðin um og staðið saman að innflutningi á 1.980,87 g af kókaini, frá Spáni um London til Keflavíkurflugvallar. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 17. janúar 2006 voru ákærðu sakfelldir. F, G, og A voru dæmdir í þriggja ára fangelsi, EH var dæmd í þriggja ára fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár og E í 4 ára fangelsi og öll ákærðu voru dæmd til að sæta upptöku fíkniefna. Þætti allra ákærðu nema F var áfrýjað til Hæstaréttar sem með dómi uppkveðnum hinn 7. júní 2006 í máli nr. 149/2007 staðfesti sakfellinguna allra og refsingu A, en þvingdi refsingu E úr 4 árum í 5, mildaði refsingu G úr 3 árum í 2 ár og EH hlaut óskilorðsbundið 2 ára fangelsi.

M. 026-2006-1855

S 32 ára og V 36 ára, báðir litháískir ríkisborgarar, voru ákærðir fyrir stórfellt brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni með því að hafa, fimmtudaginn 6. júlí 2006, í hagnaðarskyni flutt hingað til lands 11.949,75 g af amfetamíni, ætluðu til söludreifingar. Ákærðu fluttu efnið falið í eldsneytistanki bifreiðarinnar X af gerðinni VW Passat með farþegaferjunni Norrænu og fannst efnið eftir komu ferjunnar til Seyðisfjarðar. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 23. nóvember 2006 voru ákærðu sakfelldir og dæmdir í 7 ára fangelsi og til að sæta upptöku á fíkniefnunum og bifreiðinni. Dómnum var áfrýjað og með dómi Hæstaréttar uppkveðnum hinn 10. maí 2007 var héraðsdómur óraskaður.

M. 035-2006-1198

A 44 ára og S 38 ára litháískur ríkisborgari, voru ákærðir fyrir stórfellt fíkniefnalagabrot á árinu 2006, með því að hafa í félagi með óþekktum vitorðsmanni í Litháen, í ágóðaskyni staðið að innflutningi til Íslands á 1.745 ml (1.619 g) af vökva sem innihélt amfetamínþasa sem unnt er að framleiða 1.813 g af amfetamínsúlfati úr til söludreifingar hér á landi. Samkvæmt ráðagerðum ákærða A og hins óþekhta vitorðsmanns fékk hinn óþekkti vitorðsmaður ákærða S til að flytja fíkniefnið til Íslands og var í samskiptum við ákærða A um móttöku þess á Íslandi. Að beiðni hins óþekhta vitorðsmanns flutti ákærði S fíkniefnin til landsins frá Litháen um Kaupmannahöfn sem farþegi með flugi FI-205 laugardaginn 4. febrúar í því skyni að afhenda það ákærða A samkvæmt nánari leiðbeiningum þar um sem hann átti að fá símleiðis frá ákærða A eftir komu til landsins, en tollverðir fundu efnið við leit í farangri ákærða S við komu hans til Keflavíkurflugvallar. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 21. júlí 2006 í máli nr. S-1072/2006 voru ákærðu dæmdir í 2 ára og 6 mánaða fangelsi og upptöku fíkniefna. Dómnum var áfrýjað og með dómi Hæstaréttar uppkveðnum hinn 18. janúar 2007 var sakfelling héraðsdóms staðfest en refsing ákærðu þvingd. Var A dæmdur í 4 ára fangelsi og S 3 ára fangelsi.

3.5**Brenna**

Á árinu var gefin út ein ákæra vegna brots gegn 164. gr. hgl.

M. 037-2006-319 og 4031

D 29 ára var ákærður fyrir brennu með því að hafa í janúar 2006 borið eld að blaðabunka á borði í stofu í íbúð í fjöleignarhúsi í Kópavogi, sem í eru 24 íbúðir, og valdið með því eldsvoða sem hafði í för með sér almannahættu og hættu á eyðingu á eignum annarra manna hefði eldurinn breiðst út, en hann uppgötvaðist fljótlega og var slökktur af lögreglu og slökkviliði. Ennfremur með því að hafa í maí 2006, á bifreiðastæði utan við fjöleignarhús í Kópavogi, eftir að hafa brotið afturrúðu tiltekinna bifreiðar með kúbeini, lagt eld að handklæði og fleygt því logandi inn um brotna rúðu bifreiðarinnar og valdið með því eldsvoða sem hafði í för með sér almannahættu, en eldurinn breiddist út með þeim afleiðingum að bifreiðin brann ásamt tveimur öðrum bifreiðum sem lagt hafði verið sitt hvorum megin við hana. Með þessu olli ákærði eignatjóni á bifreiðunum og hættu á frekara eignatjóni hefði eldurinn ekki verið slökktur fljótlega af slökkviliði. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum hinn 9. janúar 2007 var ákærði sakfelldur og dæmdur í eins árs fangelsi og til að greiða bætur.

3.6. Rangar sakargiftir eða röng skýrslugjöf

Fimm ákæru voru gefnar út á árinu þar sem ákært var fyrir umferðarlagabrot og rangar sakargiftir en í öllum málunum voru atvik með þeim hætti að ákærðu voru stöðvaðir fyrir umferðarlagabrot og gáfu þeir þá upp nafn og kennitölu annars manns. Sakfelldir voru í öllum málunum. Þá voru sex menn ákærðir og sakfelldir fyrir brot gegn umferðarlögum og ranga skýrslugjöf. Loks voru tvær ákæru gefnar út vegna rangra sakargifta í málum þar sem ákærðu höfðu með rangri kæru og röngum framburði fyrir lögreglu leitast við að koma því til leiðar að menn yrðu sakaðir um kynferðisbrot gegn þeim. Sakfelldir voru í báðum málunum.

3.7. Kynferðisbrot

Brot gegn 194. til 198. gr. hgl.

10 ákæru voru gefnar út á árinu vegna brota gegn 194. gr. hgl. Sýknað var í tveimur málum en öðru þeirra var áfrýjað til Hæstaréttar sem með dómi uppkveðnum hinn 27. september 2007 í máli nr. 203/2007 ómerktti héraðsdóminn og vísaði málinu heim í hérað til meðferðar og dómsálagningar að nýju. Málið bíður nú meðferðar héraðsdóms. Sakfelldir voru fyrir brot gegn 194. gr. í neðangreindum 8 málum.

M 010-2006-45167

A 35 ára var ákærður fyrir nauðgun og stórfellda líkamsárás, með því að hafa þröngvað S með ofbeldi og hótun um ofbeldi til samræðis og annarra kynferðismaka með því að setja lim sinn í munn hennar og fingur í leggöng og beitt hana endurteknu ofbeldi meðan á kynferðismökunum stóð. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 1. febrúar 2007 í máli nr. S-1777/2006 var ákærði sakfelldur fyrir brot gegn 194. gr. hgl. en ekki stórfellda líkamsárás. Þá var hann sýknaður af því að hafa þröngvað S til munnmaka. Ákærði var dæmdur til að sæta fangelsi í 4 ár. Málinu var áfrýjað og með dómi Hæstaréttar uppkveðnum hinn 13. september 2007 í máli nr. 131/2007 var ákvörðun héraðsdóms um sakfellingu og heimfærslu háttseminnar staðfest að öðru leyti en því að jafnframt var talið sannað að ákærði hefði þröngvað S til munnmaka. Var hann dæmdur til að sæta fangelsi í 3 ár og 6 mánuði.

M. 010-2005-50657

S 29 ára var ákærður fyrir nauðgun með því að hafa með ofbeldi þröngvað S í tvígang til samræðis eða kynmaka í endaparm. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 20. desember 2006 í máli nr. S-1730/2006 var ákærði sakfelldur og dæmdur til að sæta fangelsi í 18 mánuði. Með dómi Hæstaréttar uppkveðnum hinn 18. júní 2007 í máli nr. 35/2007 var ákærði dæmdur til að sæta fangelsi í 2 ár.

M. 010-2006-6461 o.fl.

J 55 ára var ákærður fyrir nauðgun með því að hafa í þrjú skipti þröngvað fyrrverandi unnustu sinni til holdlegs samræðis. Þá var hann jafnframt ákærður fyrir stórfellda líkamsárás og frelsissviptingu gagnvart sömu konu. Loks var hann ákærður fyrir stórfellda líkamsárás, minni háttar líkamsárásir og húsbrot gagnvart annarri fyrrum sambýliskonu. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 11. október 2006 í máli nr. S-888/2006 var ákærði sýknaður af ákæru fyrir stórfelldar líkamsárásir gagnvart báðum konunum en sakfelldur að öðru leyti og dæmdur til að sæta fangelsi í 5 ár. Málinu var áfrýjað og með dómi Hæstaréttar uppkveðnum hinn 26. apríl 2007 í máli nr. 630/2006 var héraðsdómur staðfestur.

M. 010-2006-38518

S 28 ára var ákærður fyrir nauðgun og rán með því að hafa þröngvað E til annarra kynferðismaka en samræðis er hann, vopnaður hnífi, réðist á E, tók um háls hennar og henti henni í jörðina þar sem hann vafði sjali um höfuð hennar, dró niður um hana buxur, káfaði á kynfærum E og setti fingur í leggöng hennar, skar af henni brjóstahaldara og káfaði á og sleikti brjóst hennar, beit E í hálsinn og bar logandi kveikjara að kynfærum hennar og fyrir að hafa tekið af E farsíma og 2.500 krónur er hann hélt henni fastri á grúfu með því að setja annað hné sitt í bak hennar og hitt á höfuðið. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 26. október 2006 í máli nr. S-1736/2006 var ákærði sakfelldur samkvæmt ákæru og dæmdur til að sæta fangelsi í 3 ár og 6 mánuði.

M. 010-2005-46677

E 21 árs var ákærður fyrir kynferðisbrot með því að hafa með ofbeldi þröngvað T, þá 15 ára, til samræðis. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 12. desember 2006 í máli nr. S-1219/2006 var ákærði sakfelldur og dæmdur til að sæta fangelsi í 3 ár. Málinu var áfrýjað og með dómi Hæstaréttar uppkveðnum hinn 31. maí 2007 í máli nr. 48/2007 var ákvörðun héraðsdóms um refsingu ákærða staðfest.

M. 033-2006-771

A 30 ára var ákærður fyrir kynferðisbrot með því að hafa þröngvað H, þá 13 ára, með ofbeldi til annarra kynferðismaka en samræðis, en ákærði káfaði á brjóstum og kynfærum stúlkunnar innanklæða, setti hönd hennar á getnaðarlim sinn, sleikti brjóst hennar og kynfæri og setti fingur í leggöng hennar. Var háttsemi þessi talin varða við 194. og 1. mgr. 202. gr. hgl. Hann var jafnframt ákærður fyrir áfengislagabrot með því að veita sömu stúlku áfengi þrátt fyrir að honum væri kunnugt um að hún væri yngri en 20 ára gömul. Með dómi Héraðsdóms Suðurlands uppkveðnum hinn 19. desember 2006 í máli nr. S-425/2006 var ákærði sakfelldur fyrir brot gegn 194. gr. hgl. og áfengislögum en ekki var talið sannað að hann hafi vitað um aldur stúlkunnar og því var hann ekki sakfelldur einnig fyrir brot gegn 1. mgr. 202. gr. hgl. Var hann dæmdur til að sæta fangelsi í 18 mánuði. Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar sem með dómi uppkveðnum hinn 24. maí 2007 í máli nr. 36/2007, staðfesti sakfellingu héraðsdóms en dæmdi ákærða til að sæta fangelsi í 15 mánuði.

M. 029-2005-553

B 20 ára var ákærður fyrir kynferðisbrot gegn Ó með því að hafa með ofbeldi þröngvað henni til kynferðismaka með því að neyða hana til að hafa við sig munnmök, sett fingur í leggöng hennar og reynt að þröngva henni til samræðis. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 6. júní 2006 í máli nr. 415/2006 var ákærði sakfelldur að öðru leyti en því að ekki var talið sannað að hann hefði sett fingur sinn í leggöng hennar og var hann dæmdur til að sæta fangelsi í 2 ár. Með dómi Hæstaréttar uppkveðnum hinn 7. desember 2006 í máli nr. 415/2006 var ákærði dæmdur til að sæta fangelsi í 18 mánuði.

M. 031-2005-2351

E 45 ára var ákærður fyrir kynferðisbrot með því að hafa þröngvað M með ofbeldi til samræðis. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 27. september 2006 í máli nr. S-321/2006 var ákærði sakfelldur samkvæmt ákæru og dæmdur til að sæta fangelsi í 2 ár og 6 mánuði. Með dómi Hæstaréttar uppkveðnum hinn 8. mars 2007 í máli nr. 589/2006 var héraðsdómur staðfestur.

Hæstiréttur kvað upp dóm í tveimur málum til viðbótar er vörðuðu brot gegn 194. gr. hgl. Í öðru málinu var staðfest sakfelling héraðsdóms og 2 ára og 6 mánaða fangelsisrefsing. Í hinu málinu var refsing ákærða ákveðin 15 mánaða fangelsi en hann hafði verið dæmdur í héraði til að sæta fangelsi í 18 mánuði.

Ákærun voru gefnar út í fjórum málum vegna misneytingar, þ.e. brots gegn þáverandi 196. gr. hgl. Sakfellt var í öllum málunum og refsing ákveðin óskilorðsbundið fangelsi.

M. 034-2005-5241

Ú 21 árs var ákærður fyrir kynferðisbrot með því að hafa haft samræði við G í leggöng og endaparm og við það notfært sér að hún gat ekki spornað við verknaðinum sökum ölvunar og svefndrunga. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum hinn 16. maí 2006 í máli nr. S-230/2006 var ákærði sakfelldur og dæmdur til að sæta fangelsi í 12 mánuði.

M. 010-2005-34630

I 45 ára var ákærður fyrir kynferðisbrot með því að hafa tvisvar sinnum haft samræði við S, þroskaheftan starfsmann á hæfingarstöð fyrir fatlaða einstaklinga, en ákærði starfaði þar sem stuðningsfulltrúi, og notfærði sér það að S gat ekki spornað við verknaðinum sökum andlegra annmarka sinna. Háttsemi þessi var í ákæru talin varða við 196. og 197. gr. hgl. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 30. október 2006 í máli nr. S-512/2006 var ákærði sakfelldur samkvæmt ákæru og dæmdur til að sæta fangelsi í 2 ár. Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar sem með dómi uppkveðnum hinn 31. maí 2007 í máli nr. 666/2006, staðfesti niðurstöðu héraðsdóms um sakfellingu og refsingu ákærða.

Hæstiréttur kvað upp dóm í þremur málum er vörðuðu brot gegn 196. gr. hgl. Í öllum málunum var niðurstaða héraðsdóms um sakfellingu staðfest en í einu máli þyngdi Hæstiréttur refsingu ákærða úr 12 mánaða fangelsi í 15 mánaða fangelsi.

Tvær ákærun voru gefnar út vegna brota gegn 2. mgr. 198. gr. hgl. Sýknað var í öðru málinu en sakfellt í hinu og var ákærði dæmdur til að sæta fangelsi í 5 mánuði skilorðsbundið í 3 ár.

Kynferðisbrot gegn börnum skv. 200. – 202. gr. hgl.

Á árinu 2006 voru gefnar út 15 ákærun sem vörðuðu kynferðisbrot gegn börnum samkvæmt 200. – 202. gr. alm. hgl. Í þremur málum var einnig ákært fyrir vörslu barnakláms samkvæmt 4. mgr. 210. gr. alm. hgl. Í fjórum málum var jafnframt ákært fyrir önnur brot en kynferðisbrot í sama máli. Í fimm málum beindust meint brot að fleiri en einum brotapolu. Börn komu einnig við sögu í sex málum af níu sem höfðuð voru vegna brota gegn blygðunarsemi samkvæmt 209. gr. hgl., sbr. umfjöllun hér síðar.

Sifjaspell – 200. gr. hgl.

Tvær ákæru voru gefnar út á árinu þar sem ákært var fyrir brot gegn 200. gr. hgl. Í öðru málinu var ákært fyrir brot gegn 1. mgr. 200. gr. og 1. mgr. 202. gr. hgl. og var ákærði sýknaður í því máli. Hitt málið varðaði brot gegn 2. mgr. 200. gr. og 2. mgr. 202. gr. hgl. sem beindust gegn barnabarni ákærða. Með dómi Héraðsdóms Norðurlands eystra uppkveðnum hinn 7. mars 2007 í máli nr. 438/2006 var ákærði sakfelldur samkvæmt ákæru og dæmdur til að sæta fangelsi í 15 mánuði en fullnusta 12 mánaða var frestað skilorðsbundið í 5 ár.

Brot gegn 201. gr. hgl.

Hæstiréttur kvað upp einn dóm á árinu þar sem ákært var fyrir brot gegn 1. mgr. 201. gr. og 1. mgr. 202. gr. sem beindust gegn stjúp dóttur ákærða og vinkonu hennar. Staðfesti Hæstiréttur niðurstöðu héraðsdóms um sakfellingu ákærða og fangelsi í 3 ár og 6 mánuði, sbr. Hrd. nr. 298/2006.

Þrjár ákæru voru gefnar út á árinu þar sem ákært var fyrir brot gegn 201. gr. hgl. Í einu máli var ákært fyrir brot gegn 1. mgr. 201. gr. og var ákærði sýknaður í því máli. Í öðru máli var ákært fyrir brot gegn 1. og 2. mgr. 201. gr. sem beindust gegn dóttur sambýliskonu ákærða. Með dómi Héraðsdóms Vesturlands uppkveðnum hinn 14. mars 2007 í máli nr. S-322/2006 var ákærði sýknaður af broti gegn 1. mgr. 201. gr. og að hluta af broti gegn 2. mgr. sama ákvæðis en sakfelldur að öðru leyti og dæmdur til að sæta fangelsi í 12 mánuði en fullnustu 9 mánaða var frestað skilorðsbundið í 3 ár. Málinu hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar og er til meðferðar þar. Í þriðja málinu var ákært fyrir brot gegn 1. mgr. 201. gr., 1. mgr. 202. gr. og 209. gr. hgl. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 sem beindust gegn dætrum þáverandi sambýliskonu ákærða. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 28. apríl 2006 í máli nr. S-280/2006 var ákærði sakfelldur fyrir brot gegn 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga en sýknaður að öðru leyti og dæmdur til að sæta fangelsi í einn mánuð, skilorðsbundið í 3 ár.

Brot gegn 202. gr. hgl.

Hæstiréttur kvað upp tvo dóma vegna brota gegn 202. gr. hgl. Í einu máli hafði ákærði verið sakfelldur samkvæmt ákæru í héraði og dæmdur í 2 ára fangelsi. Í dómi Hæstaréttar var hins vegar ekki talið að öll sú háttsemi sem ákærði hafði verið sakfelldur fyrir félli undir brotalytingu 3. mgr. 202. gr. hgl. og var hann því sýknaður að hluta. Var hann dæmdur til að sæta fangelsi í 1 ár, sbr. Hrd. nr. 472/2005. Í hinu málinu var staðfest ákvörðun héraðsdóms um sakfellingu fyrir brot gegn 2. mgr. 202. gr. hgl. en refsingin, sem í héraði var ákveðin 4 mánaða fangelsi og þar af 2 mánuðir skilorðsbundnir í 3 ár, var í Hæstarétti skilorðsbundin að öllu leyti, sjá Hrd. nr. 284/2005.

Tíu ákæru voru gefnar út á árinu fyrir brot gegn 202. gr. hgl. Í sjö málanna var ákært fyrir brot gegn 1. mgr. 202. gr. hgl., þ.e. samræði eða önnur kynferðismök. Í þremur málum var ákært fyrir kynferðislega áreitni, þ.e. 2. mgr. 202. gr. hgl. Í einu málanna var sýknað þar sem ákærði var talinn hafa verið ósakhæfur vegna aldurs er brot var framið. Í hinum málunum var sakfelldur að öllu leyti eða að hluta.

M. 010-2005-42911

B 23 ára var ákærður fyrir kynferðisbrot með því að hafa í bifreið í Öskjuhlíð í Reykjavík látið 12 ára gamla stúlku hafa við sig munnmök og síðan tvisvar sinnum haft samræði við hana. Þá var hann ákærður fyrir að hafa vistað á tölvu sinni hreyfimynd sem sýndi barn á kynferðislegan og klámfenginn hátt. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 18. september 2006 í máli nr. S-615/2006 var ákærði sakfelldur og dæmdur í 8 mánaða fangelsi.

M. 033-2006-3734 o.fl.

K 17 ára var ákærður fyrir kynferðisbrot með því að hafa á heimili sínu haft samræði við 13 ára gamla stúlku. Þá var hann ákærður fyrir fíkniefnalagabrot. Með dómi Héraðsdóms Suðurlands uppkveðnum hinn 19. desember 2006 í máli nr. S-495/2006 var ákærði sakfelldur, en talið að brotið hafi verið framið í gáleysi um aldur stúlkunnar. Refsing var ákveðin 4 mánaða skilorðsbundið fangelsi og 100.000 króna sekt.

M. 013-2006-874 o.fl.

M 17 ára var ákærður fyrir kynferðisbrot með því að hafa sumarið 2004, í hlöðu á tilteknum sveitabæ, sett getnaðarlim sinn í munn 7 ára telpu. Þá var hann ákærður fyrir líkamsárás. Með dómi Héraðsdóms Vesturlands uppkveðnum hinn 20. febrúar 2007 var ákærði sýknaður af kynferðisbrotinu þar sem talið var að hann hafi verið ósakhæfur vegna aldurs þegar brotið átti sér stað. Ákærði var sakfelldur fyrir líkamsárásina en var ekki gerð nein sérstök refsing.

M. 033-2006-2427 o.fl.

M 25 ára var ákærður fyrir kynferðisbrot með því að hafa á heimili sínu haft samræði við 13 ára gamla stúlku. Þá var hann ákærður fyrir vörslu og sölu eða afhendingu fíkniefna. Með dómi Héraðsdóms

Suðurlands uppkveðnum hinn 19. desember 2006 í máli nr. S-437/2006 var ákærði sakfelldur en talið að kynferðisbrotið hafi verið framið í gáleysi um aldur stúlkunnar. Refsing var ákveðin 18 mánaða fangelsi.

M. 010-2006-7456

R 24 ára var ákærður fyrir kynferðislega áreitni með því að hafa fengið 10 ára telpu til að fara með sér inn í hjólageymslu í fjölbýlishúsi þar sem hann kyssti hana á munninn og káfaði á kynfærum hennar utanklæða. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 19. apríl 2006 í máli nr. S-513/2006 var ákærði sakfelldur og dæmdur í 3 mánaða skilorðsbundið fangelsi.

M. 036-2005-12005

M 60 ára var ákærður fyrir önnur kynferðismök með því að hafa í 5 eða 6 skipti á heimili 10 ára telpu og í eitt skipti í bifreið sinni nuddað kynfæri telpunnar innan klæða. Þá var hann ákærður fyrir samskonar háttsemi gagnvart annarri telpu, þ.e. fyrir að hafa í 5 eða 6 skipti á heimili telpunnar nuddað kynfæri hennar innan klæða. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum hinn 28. júní 2006 í máli nr. S-450/2006 var ákærði sakfelldur en háttsemin heimfærð undir kynferðislega áreitni samkvæmt 2. mgr. 202. gr. hgl. Ákveðin var 7 mánaða skilorðsbundin fangelsisrefsing.

M. 010-2005-41078

F 17 ára var ákærður fyrir kynferðisbrot með því að hafa á heimili sínu látið 13 ára stúlku hafa við sig munnmök og haft samræði við hana. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum hinn 6. júlí 2007 í máli nr. S-412/2006 var ákærði sakfelldur en talið að brotið hafi verið framið í gáleysi um aldur stúlkunnar. Ákveðin var 45 daga skilorðsbundin fangelsisrefsing.

M. 010-2005-8606 o.fl.

Ó 47 ára var ákærður fyrir kynferðisbrot með því að hafa í júní eða júlí 1998 á tjaldsvæði á Þingvöllum, káfað innanklæða á kynfærum 9 ára telpu, látið hana snerta lim sinn og fróa sér. Þá var hann ákærður fyrir að hafa að morgni nýársdags 1999, á þáverandi heimili sínu, látið 4 ára telpu strjúka á sér liminn og síðar sama morgun girt niður um telpuna og rassskellt hana á beran rassinn. Ennfremur var hann ákærður fyrir að hafa í mars 2005, á heimili sínu, komið nakinn inn í herbergi þar sem 11 ára telpa lá í rúmi, strokið henni um bak og rass innanklæða, farið með hendi undir nærbuxur hennar, strokið henni á innanverðu læri og klipið hana í mjöðm og innanvert læri. Loks var hann ákærður fyrir að hafa í vörslum sínum 228 ljósmyndir sem sýndu börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 15. maí 2006 í máli nr. S-105/2006 var ákærði sakfelldur og gert að sæta 2 ára fangelsisrefsingu. Málinu var áfrýjað og með dómi Hæstaréttar nr. 329/2006 var sakfelling staðfest en refsing milduð í 18 mánaða fangelsi.

M. 010-2005-36966

P 31 árs var ákærður fyrir kynferðislega áreitni með því að hafa á lóð leikskóla í Reykjavík berað kynfæri sín í viðurvist tveggja sjö ára telpanna og látið þær hvora um sig taka af sér samanlagt fimm myndir með stafrænni myndavél. Á einni mynd sást hvar ákærði var að losa um buxnastræng sinn og bera kynfæri sín, á fjórum myndum sást ákærði halda um kynfæri sín og stóð önnur telpan við hlið hans á tveimur, en hin telpan á tveimur. Þá var hann ákærður fyrir að hafa fjórar af umræddum myndum í vörslu sinni sem sýndu telpanar á kynferðislegan og klámfenginn hátt. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum þann 23. mars 2006 í máli nr. S-150/2006 var ákærði sakfelldur fyrir fyrri ákærulið, en brot hans heimfært undir ákvæði 209. gr. hgl. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Þá var hann sýknaður af vörslu barnakláms. Refsing var ákveðin 60 daga fangelsi skilorðsbundin í 3 ár.

M. 037-2005-6748

H 41 árs var ákærður fyrir kynferðislega áreitni með því að hafa á heimili sínu kysst 12 ára telpu á handlegg og háls og látið aðra 12 ára telpu kyssa sig á kinnina. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum hinn 22. mars 2006 í máli nr. S149/2006 var ákærði sakfelldur. Refsing var ákveðin 2 mánaða fangelsi, skilorðsbundin í tvö ár.

Brot gegn 209. gr. hgl.

Hæstiréttur kvað upp einn dóm á árinu þar sem ákært var fyrir blygðunarsemisbrot en með þeim dómi uppkveðnum hinn 30. mars 2006 í máli nr. 523/2005 var ákvörðun héraðsdóms um sýknu staðfest. Á árinu 2006 voru 9 ákærur gefnar út vegna blygðunarsemisbrota. Börn voru brotaþolar í sex málanna. Í þremur málum var sýknað af kröfu ákærvalds. Í einu málanna var brot heimfært undir ákvæði barnaverndarlaga, sbr. dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. S-280/2006 sem reifaður er hér að framan í tengslum við ákvæði 201. gr. hgl.

M. 033-2005-5141

H 35 ára var ákærður fyrir að hafa á heimili sínu sært blygðunarsemi 11 ára telpu með því að sýna henni tvær klámmyndir í tölvu sinni, þar á meðal mynd sem sýndi barn á kynferðislegan og klámfenginn hátt. Þá var hann ákærður fyrir að hafa í vörslu sinni alls 40 ljósmyndir og 21 hreyfimynd sem sýndu börn á kynferðislegan og klámfenginn hátt. Með dómi Héraðsdóms Suðurlands uppkveðnum hinn 27. nóvember 2006 var ákærði sakfelldur og dæmdur í 2 mánaða skilorðsbundna fangelsisrefsingu og til að greiða 200.000 króna sekt, ennfremur sem honum var gert að sæta upptöku á tölvu sinni.

M. 036-2006-5331

Ó 31 árs var ákærður fyrir að hafa sært blygðunarsemi 25 ára konu er hann kyssti hana á háls og eyra og fór með hönd sína undir bol hennar og káfaði á brjóstum hennar. Brot ákærða áttu sér stað í leigubifreið sem konan ók. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum hinn 9. ágúst 2006 var ákærði sakfelldur samkvæmt ákæru. Refsing var ákveðin 30 daga fangelsi, skilorðsbundin í 2 ár.

M. 010-2005-47212

H 18 ára var ákærður fyrir kynferðisbrot gegn 15 ára stúlku með því að hafa í afgreiðslu Íslandsbanka í Kringlunni kysst og sleikt brjóst hennar. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 7. júní 2006 var ákærði sakfelldur og honum gert að greiða 90.000 króna sekt.

M. 010-2005-6689

V 57 ára var ákærður fyrir kynferðisbrot, en til vara fyrir brot gegn barnaverndarlögum, gagnvart 11 ára stúlku, með því að hafa á heimili sínu haldið pylsu við klof sér, líkt og um getnaðarlim væri að ræða, og sett hana upp að rassi stúlkunnar, sem þar var gestkomandi í barnaafmæli. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. S-444/2006 var ákærði sýknaður af framangreindri háttsemi.

M. 024-2005-3959

G 51 árs var ákærður fyrir kynferðisbrot gagnvart 16 ára stúlku með því að hafa í strætisvagni sem ekið var um götur Akureyrar, káfað á læri hennar upp í klof og á rassi. Með dómi Héraðsdóms Norðurlands eystra uppkveðnum hinn 9. mars 2006 í máli nr. S-3/2006 var ákærði sakfelldur og dæmdur í skilorðsbundið eins mánaða fangelsi.

M. 012-2005-3614 o.fl.

A 34 ára var ákærður fyrir kynferðisbrot með því að hafa á veitingastað í heimildarleysi þreifað utanklæða á hægri brjósti 22 ára konu. Þá var hann ákærður fyrir líkamsárás og ölvunarakstur. Með Héraðsdómi Vesturlands uppkveðnum hinn 15. júní 2006 í máli nr. S-47/2006 var ákærði sakfelldur og dæmdur í 2 mánaða skilorðsbundið fangelsi og til greiðslu sektar að fjárhæð krónur 130.000 krónur.

M. 021-2004-640

A 17 ára var ákærður fyrir brot gegn blygðunarsemi 18 ára stúlku með því að hafa á heimili sínu tekið mynd á gsm síma sinn af stúlkunni, án hennar vitneskju, þar sem hún lá nakin í rúmi ákærða og fyrir að hafa á næstu dögum sýnt sjö körlum og einni konu mynd þessa í símanum og sýnt fjórum körlum mynd í gsm síma sínum, sem ákærði sagði vera af stúlkunni, en myndin sýndi kynfæri konu sem sett hafði verið vasaljós upp í. Með dómi Héraðsdóms Norðurlands vestra uppkveðnum hinn 28. mars 2006 í máli nr. S-207/2006 var ákærði sýknaður. Málinu var áfrýjað og með dómi Hæstaréttar uppkveðnum hinn 18. október 2007 í máli nr. 242/2002 var ákærði sakfelldur fyrir brot sitt og dæmdur í 4 mánaða skilorðsbundið fangelsi.

M. 034-2005-8984

Þ 29 ára var ákærður fyrir kynferðisbrot gegn 15 ára stúlku, sem var farþegi í bifreið sem ákærði ók frá Akureyri til Reykjavíkur, með því að hafa á leiðinni klipið í brjóst stúlkunnar, káfað á lærum hennar og kynfærum utan klæða og eftir að hafa stöðvað bifreiðina í Borgarnesi, káfað á kynfærum stúlkunnar innan klæða og sett hönd hennar á nakinn getnaðarlim sinn. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 8. júní 2006 í máli nr. S-41/2006 var ákærði sýknaður.

Brot gegn 210. gr. hgl.

Á árinu 2006 voru 12 ákærur gefnar út vegna brota gegn 4. mgr. 210. gr. hgl. Oftast var ákært einungis fyrir vörslu barnakláms en í fjórum málanna var einnig ákært fyrir önnur kynferðisbrot. Sakfelldur var í öllum málum nema einu, sbr. mál nr. M. 010-2005-36966 sem reifað er hér að framan.

M. 010-2005-49839

F 40 ára var ákærður fyrir kynferðisbrot með því að hafa á árunum 2005 og 2006 haft í vörslu sinni, á útværum hörðum diskum og tveimur hörðum diskum í fartölvu af tiltekinni gerð, átta hreyfimyndir sem sýndu börn á kynferðislegan og klámfenginn hátt. Með dómi Héraðsdóms Norðurlands eystra uppkveðnum hinn 16. júlí 2006 var ákærði sakfelldur en ákvörðun refsingar frestað skilorðsbundið í tvö ár.

M. 010-2006-25450

S 58 ára var ákærður fyrir kynferðisbrot, með því að hafa, á árunum 2002 til 2005, haft í vörslu sinni, á hörðum diskum í turntölvu af tiltekinni gerð, 259 ljósmyndir sem sýndu börn á kynferðislegan og klámfenginn hátt, en myndirnar fundust við skoðun á framangreindri tölvu sem lögregla lagði hald á við húsleit á heimili ákærða, föstudaginn 14. október 2005. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 19. desember 2006 var ákærði sakfelldur og dæmdur í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi í þrjú ár.

M. 010-2006-27015

P 49 ára var ákærður fyrir kynferðisbrot, með því að hafa á árinu 2006 haft í vörslu sinni, á hörðum diskum í Medion turntölvu, tvær hreyfimyndir sem sýndu börn á kynferðislegan og klámfenginn hátt, en tölvuna haldlagði lögregla á viðgerðaverkstæði í Reykjavík 6. júní 2006. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum hinn 28. desember 2006 var ákærði sakfelldur og dæmdur í eins mánaða skilorðsbundið fangelsi í þrjú ár.

M. 021-2005-2065

Þ 44 ára var ákærður fyrir kynferðisbrot, með því að hafa, þriðjudaginn 6. desember 2005, haft í vörslum sínum á hörðum diskum í Medion turntölvu sinni 54 ljósmyndir og eina hreyfimynd sem sýndu börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt en myndirnar fundust við skoðun lögreglu á tölvunni og diskunum sem lagt var hald á umræddan dag á ofangreindu heimili ákærða. Með dómi Héraðsdóms Norðurlands vestra uppkveðnum hinn 18. maí 2006 var ákærði sakfelldur og dæmdur til að greiða 250.000 króna sekt.

M. 010-2006-3245

G 24 ára var ákærður fyrir kynferðisbrot, með því að hafa haft í vörslum sínum, á þremur hörðum diskum í turntölvu sinni og á útværum hörðum diskum, 21.888 ljósmyndir og 963 hreyfimyndir sem sýndu börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt, en myndefni þetta fannst við húsleit lögreglu á heimili ákærða þriðjudaginn 4. apríl 2006. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 30. október 2006 var ákærði sakfelldur og dæmdur í átta mánaða fangelsi skilorðsbundið í þrjú ár.

M. 010-2006-13079

K 18 ára var ákærður fyrir vörslu á barnaklámi með því að hafa á árunum 2005 og 2006 haft í vörslu sinni 190 ljósmyndir sem sýndu börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt, 181 ljósmynd var á hörðum diskum í turntölvu í eigu ákærða og 9 ljósmyndir voru á hörðum diskum í HP turntölvu sem ekki var í eigu ákærða. Medion tölvuna haldlagði lögregla á viðgerðaverkstæði í Reykjavík 21. mars 2006 og HP tölvuna lagði lögregla hald á á heimili ákærða 23. mars 2006. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum hinn 31. maí 2006 var ákærði sakfelldur og dæmdur í 30 daga skilorðsbundið fangelsi í tvö ár.

M. 033-2004-4644

Ó 24 ára var ákærður fyrir kynferðisbrot, með því að hafa, þriðjudaginn 28. desember 2004, haft í vörslu sinni á hörðum diskum tölvu sinnar og utanálíggjandi hörðum diskum, 4 ljósmyndir og 8 hreyfimyndir sem sýndu börn á kynferðislegan og klámfenginn hátt, en myndirnar fundust við skoðun lögreglu á tölvunni og diskunum sem lagt var hald á umræddan dag á ofangreindu heimili ákærða. Með viðurlagaákvörðun Héraðsdóms Suðurlands uppkveðnum hinn 30. ágúst 2006 féllst ákærði á að greiða 100.000 króna sekt.

M. 010-2005-3714

H 36 ára var ákærður fyrir kynferðisbrot með því að hafa haft í vörslum sínum ljósmyndir og hreyfimyndir sem sýndu börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt, þ.e. á tveimur hörðum diskum í Medion turntölvu og fjórum geisladiskum samtals 38.101 ljósmyndir og 192 hreyfimyndir, en muni þessa haldlagði lögreglan við húsleit mánudaginn 14. mars 2005, og á hörðum diskum í Dell turntölvu 391 ljósmyndir og 818 ljósmyndir á USB minnislykli, en muni þessa haldlagði lögregla við húsleit á vinnustað ákærða í Kópavogi, fimmtudaginn 6. október 2005. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 3. mars 2006 var ákærði sakfelldur og dæmdur í 12 mánaða fangelsi, þar af voru 9 mánuðir skilorðsbundnir.

3.8 Rán og önnur auðgunarbrot

Rán

Hæstiréttur kvað upp fjóra dóma á árinu vegna brota gegn 252. gr. hgl. Í einu málinu var refsing þyngd úr tveimur árum í tvö og hálf ári. Í tveimur málanna þyngdi Hæstiréttur refsingu úr skilorðsbundinni refsingu að hluta í óskilorðsbundna fangelsisrefsingu. Þá mildaði Hæstiréttur refsingu ákærðu í einu málinu með þeim hætti að refsing annars ákærða var öll bundin skilorði í stað hluta eins og dæmt hafði verið í héraði og refsing hins var milduð úr 10 mánaða fangelsi í 6 mánaða.

Á árinu voru 11 ákærðir í 7 málum fyrir rán samkvæmt 252. gr. hgl. Dómar hafa fallið í öllum málunum og voru níu hinna ákærðu sakfelldir en tveir sýknaðir. Einu málanna var áfrýjað til Hæstaréttar sem mildaði refsingu úr þremur árum í tvö.

M. 036-2006-9446

Í 26 ára var ákærður fyrir rán, með því að hafa, skömmu eftir hádegi mánudaginn 31. júlí 2006, farið inn í fyrirtæki í Hafnarfirði, ráðist að tveimur konum, G og R, sem þar voru við störf, og slegið þær í höfuðið með krepptum hnefa, safnað saman peningum sem G hafði verið að vinna með, sett þá í tösku og stokkið út um glugga verslunarinnar á 2. hæð, eftir að hafa brotið rúðuna og kastað út um gluggann nefndri tösku, sem í voru 1.455.344 krónur í reiðufé og lyklar að peningakössum, sjö peningaskjóðum sem í voru kr. 353.737 í reiðufé og tösku sem í voru ellefu tómar peningaskjóður. Óþekktur maður, sem var í vitorði með ákærða, komst undan á bifreið með töskuna sem í voru 1.455.344 krónur. Við atlögu ákærða hlaut R þrota og kúlu vinstra megin á höfði og G tvær kúlar vinstra megin á höfði. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 21. desember 2006 í máli nr. S-1421/2006 var ákærði sakfelldur og dæmdur í 4 ára fangelsi og til að greiða fyrirtækinu bætur.

M. 037-2006-1607

K 27 ára var ákærður fyrir rán með því að hafa miðvikudaginn 22. febrúar 2006, um kl. 12, komið inn í lyfjaverslun í Kópavogi, vopnaður hnifi og með andlit sitt hulið, farið inn fyrir afgreiðsluborðið og ógnað tveimur starfsmönnum með hnifnum og heimtað að þau létu ákærða hafa lyfin contalgin og rítalin. Ákærði hafði á brott með sér úr lyfjaskáp verslunarinnar níu pakka af lyfinu rítalin að verðmæti 10.656 krónur. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum hinn 24. nóvember 2006 í máli nr. S-962/2006 var ákærði sakfelldur og dæmdur í 15 mánaða fangelsi. Ákærða hafði áður verið dæmd refsing fyrir sambærilegt brot.

M. 037-2006-4418

G 42 ára var ákærður fyrir rán með því að hafa að morgni fimmtudagsins 18. maí 2006 komið inn í lyfjaverslun í Kópavogi, vopnaður öxi, ógnað tveimur starfsmönnum með öxinni og heimtað að þau létu ákærða hafa lyfin contalgin og rítalin. Ákærði hafði á brott með sér lyf úr lyfjaskáp verslunarinnar að verðmæti 172.172 krónur. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum hinn 1. desember 2006 í máli nr. S-961/2006 var ákærði sakfelldur og dæmdur í 15 mánaða fangelsi og til að greiða bætur. Með broti sínu rauf ákærði skilorð sem hafði áhrif á ákvörðun refsingar.

M. 010-2005-43838

B 34 ára var ákærð fyrir tilraun til ráns, með því að hafa, miðvikudaginn 9. nóvember 2005, við Nordica hótél við Suðurlandsbraut, Reykjavík, tekið sér far með leigubifreið er M ók, í því skyni að ræna peningum frá honum, en ákærða var með loftskammbyssu í úlpuvasa sínum sem hún hugðist nota við verknaðinn. Sagði ákærða, sem sat í farþegasæti við hlið bifreiðastjórans, honum að stöðva bifreiðina á plani við Orkuveituhúsið, Suðurlandsbraut 32, en þar varð bifreiðastjórinn þess áskynja að hún var með byssuna meðferðis, tókst að fjarlægja byssuna af henni og hringja eftir aðstoð lögreglu sem kom á vettvang og yfirbugaði ákærðu. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 19. maí 2006 í máli nr. S-147/2006 var ákærða sakfelld og dæmd í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi í tvö ár og til að sæta upptöku á loftskammbyssunni.

Fjárdráttur

Á árinu var kveðinn upp einn dómur í Hæstarétti fyrir brot gegn 247. gr. hgl., en þar hafði maður verið ákærður fyrir brot í opinberu starfi með því að hafa sem framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Vestfirðinga dregið sér samtals rúmlega 17 milljónir króna af bankareikningi sambandsins. Hæstiréttur staðfesti ákvörðun héraðsdóms um sakfellingu en þyngdi refsingu úr 10 mánaða skilorðsbundu fangelsi í 12 mánaða fangelsi en þar af voru 9 mánuðir skilorðsbundnir í 2 ár.

Ein ákæra var gefin út á árinu fyrir fjárdrátt en þar var framkvæmdastjóra hlutafélags gefið að sök að hafa dregið félaginu 31 milljón króna. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum þann 5. júní 2007 var ákærða sýknuð.

Önnur auðgunarbrot

Á árinu voru tvö mál flutt fyrir Hæstarétti vegna brota gegn 244. gr. hgl. í málum sem lögreglustjórar höfðu ákært í og flutt í héraði.

Eitt mál var flutt í Hæstarétti vegna brots gegn 249. gr. hgl. í máli sem ríkislögreglustjóri hafði ákært í.

3.9 Brot gegn valdstjórninni

42 einstaklingar voru á árinu ákærðir í 38 málum er vörðuðu brot gegn valdstjórninni. Í 35 málum var um að ræða ofbeldi og/eða hótanir um ofbeldi gegn lögreglumönnum, eitt mál varðaði ofbeldi gegn félagsmálastjóra, eitt mál dómvörð og eitt sýslumann. Tveimur málum er enn ólokið. Tveir ákærðir voru sýknaðir í héraði. Í einu máli var sakfelldur í héraði en sýknað í Hæstarétti. Sakfelldur var í 36 málum. Refsing var oftast ákveðin skilorðsbundið fangelsi að öllu leyti eða að hluta.

Þrjú dómur féllu í Hæstarétti á árinu. Í einu máli var ákærði sýknaður vegna sakhæfisskorts en dæmdur til að sæta öryggisgæslu samkvæmt 62. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Í öðru máli var sakfelling héraðsdóms fyrir brot gegn valdstjórninni, sérstaklega hættulega líkamsárás, hótanir og eignaspjöll staðfest og ákærði dæmdur í 18 mánaða fangelsi. Í þriðja málinu var sakfelling héraðsdóms fyrir brot gegn valdstjórninni, hótanir og brot gegn fíkniefna- og umferðarlögum staðfest og ákærði dæmdur í 4 mánaða fangelsi.

Hér að neðan er að finna nokkra héraðsdóma vegna brota gegn valdstjórninni.

018-2006-448

G 21 árs var ákærður fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa í bilageymslu lögreglustöðvarinnar á Í, hótað lögreglumönnum JS, JB og H, sem þar sinntu skyldustörfum sínum í tengslum við handtöku ákærða skömmu áður, að lífláta þá, fjölskyldur þeirra og börn en hótanir ákærða voru til þess fallnar að vekja hjá lögreglumönnum ótta um velferð sína og fjölskyldna sinna. Ákærði jataði brot sitt og með dómi Héraðsdóms Vestfjarða uppkveðnum hinn 8. september 2006 í máli nr. S-26/2006 var hann dæmdur í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi til tveggja ára.

037-2005-6853

F 45 ára var ákærður fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa fyrir utan veitingastaðinn P, er lögreglumenn voru að færa ákærða inn í lögreglubifreið, sparkað í andlit lögreglumannsins G með þeim afleiðingum að brot kom í tvær tennur vinstra megin og fylling brotnaði í annarri tönningu. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum hinn 31. ágúst 2006 í máli nr. S-623/2006 var ákærði dæmdur í þriggja mánaða fangelsi skilorðsbundið í 2 ár.

010-2005-3024

S 45 ára var ákærður fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa í lögreglubifreið, sem var að flytja ákærða á slysadeild í kjölfar umferðaróhapps, ráðist að B lögreglumanni sem sat með honum í aftursæti bifreiðarinnar og slegið hann ítrekað með krepptum hnefum. B tókst að bera hendur fyrir andlit og lentu högginn því á handleggjum hans og vinstri hendi. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 17. mars 2006 í málinu S-246/2006 var ákærði dæmdur í 6 mánaða fangelsi, þar af voru 3 mánuðir skilorðsbundnir til 2 ára. Með dómi Hæstaréttar í máli nr. 418/2006 uppkveðnum 22. febrúar 2007 var niðurstaða héraðsdóms um sakfellingu ákærða staðfest en refsing ákveðin fangelsi í fjóra mánuði en þar af voru þrjú mánuðir skilorðsbundnir til 2 ára.

033-2005-8215

S var ákærður fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa veist að Ó sýslumanni á Selfossi sem þar var við störf sem ákærandi, er hann stöðvaði för Ó með því að þrífa í öxl hans og brá fyrir hann fæti svo hann hrasaði við. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 24. mars 2006 í máli nr. S-74/2006 var ákærði dæmdur í 6 mánaða fangelsi en með brotinu rauf ákærði skilorð fjögurra mánaða dóms. Með dómi Hæstaréttar í máli nr. 356/2006 uppkveðnum 22. febrúar 2007 var héraðsdómur staðfestur.

Brot gegn valdstjórninni – taka sér lögregluvald

Á árinu var ákært í einu máli fyrir brot gegn 116. gr. hgl. Voru tveir menn ákærðir fyrir að hafa tekið sér lögregluvald er þeir óku um götur Kópavogs og Hafnarfjarðar, og stöðvað akstur tveggja bifreiða með því að tendra blá ljós og gefa hljóðmerki. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum hinn 13. október 2006 voru ákærðu sakfelldir. Var annar dæmdur í 15 daga skilorðsbundið fangelsi en hinn til greiðslu 60.000 króna sektar.

3.10. Umferðarlög – umferðarslys

Á árinu voru 9 mál flutt í Hæstarétti sem vörðuðu eingöngu brot gegn umferðarlögum. Auk þess voru flutt nokkur mál þar sem brot gegn umferðarlögum var eitt brota sem ákært var fyrir.

3.11. Gabb – brot gegn 120. gr. hgl.

Ein ákæra var gefin út á árinu vegna brots gegn 120. gr. hgl.

M. 021-2005-1999

Í var ákærður fyrir umferðarlagabrot með því að hafa ekið bifreið undir áhrifum áfengis. K var ákærður fyrir að hafa, áður en meðákærði í hóf akstur sinn, gabbað lögreglu þegar hann hringdi í hana í gegnum Neyðarlínuna úr gsm síma sínum og kallaði að ástæðulausu eftir hjálp handa manni sem hann sagði ranglega þurfa aðstoð og vera á bak við félagsheimilið M. Með þessu gabbi gerði ákærði sér og meðákærða í kleift að komast óséðir burt á áðurnefndri bifreið. Með dómi Héraðsdóms Norðurlands vestra uppkveðnum hinn 17. maí 2006 í máli nr. S-51/2006 voru ákærðu báðir dæmdir til greiðslu 80.000 króna sektar en ákærði Í auk þess til að sæta sviptingu ökuréttar í 10 mánuði.

3.12. Frelsissvipting

Hæstiréttur kvað upp einn dóm á árinu vegna brota gegn 226. gr. hgl. Var refsing þyngd úr tveimur árum í tvö og hálf ár, sbr. Hrd. 42/2006.

Á árinu var ákært í fjórum málum þar sem frelsissvipting kom við sögu. Sakfelld var í öllum málunum í héraði. Einu málinu var áfrýjað til Hæstaréttar og var ákærði þar sýknaður, sbr. Hrd. 604/2006.

M. 028-2006-02082

Átta breskir ríkisborgarar, elsti fæddur 1979, en yngsti 1988, voru ákærðir fyrir húsbrot og frelsissviptingu með því að ryðjast þann 15. ágúst 2006 inn á skrifstofu verkfræðistofu á Austurlandi og synja að fara þaðan er starfsmenn fyrirtækisins skorðu á ákærðu að gera það og fyrir að halda sjö starfsmönnum fyrirtækisins nauðugum á skrifstofunni í um 20 mínútur með því að setja tvo tréhæla undir útidyrhúrd og stóla og aðra tiltæka muni fyrir dyrnar og hindrað þannig að starfsmennirnir kæmst út og jafnframt varnað þeim útgöngu um bakdyr skrifstofunnar. Með dómi Héraðsdóms Austurlands uppkveðnum hinn 6. desember 2006 í máli nr. S-110/2006 voru hin ákærðu sakfelld og ýmist dæmd í 30 daga eða 60 daga skilorðsbundið fangelsi.

M. 036-2006-1456

Á 23 ára var ákærður fyrir líkamsárás og frelsissviptingu með því að hafa að kvöldi þriðjudagsins 27. september 2005 ráðist að B á heimili hennar, tekið hana hálstaki og hent henni til og frá og haldið konunni nauðugri í íbúð hennar í um 2 klukkustundir. Urðu afleiðingar háttsemi ákærða þær að B hlaut mar á hálsi, handleggjum, baki, lærum og rasskinnum og hrufisár á höndum. Þá var hann jafnframt ákærður fyrir húsbrot með því að hafa föstudaginn 24. febrúar 2006 ruðst í heimildarleysi inn í framangreinda íbúð B og neitað að fara þaðan út er hún skoraði á hann að gera það. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum hinn 22. júní 2006 í máli nr. S-706/2006 var ákærði sakfelldur fyrir ofangreind brot, sem og önnur sem sameinuð höfðu verið þessu máli, og var gert að sæta 3 mánaða skilorðsbundnu fangelsi, til greiðslu sektar að fjárhæð 270.000 krónur og til að greiða brotaþola bætur.

M. 010-2005-34930

S 43 ára var ákærður fyrir líkamsárás og brot gegn frjálrsræði eiginkonu sinnar F, með því að hafa haldið henni nauðugri á hótélherbergi þeirra í Reykjavík í allt að 4 klukkustundir, elt hana er henni tókst að komast út úr herberginu og dregið hana fáklædda eftir göngum hótelsins, á hárinu meðal annars, aftur inn í herbergið, og með því að hafa, meðan á frelsissviptingunni stóð, veist að F, hrint henni, slegið hana í andlitið, klipið hana víðsvegar um líkamann, rífið í hár hennar og stungið höfði hennar ofan í salernisskál, allt með þeim afleiðingum að F hlaut mar og húðblæðingar á brjóstum og hálsi, mar og rispur á baki, handleggjum, hnjám, rasskinn, læri og í andliti, eymsli í hársverði og hárlausa bletti. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 22. desember 2006 í máli nr. S-1147/2006 var ákærði sakfelldur og dæmdur í 4 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 5 ár.

3.13. Brot í opinberu starfi

Einn dómur féll í Hæstarétti þar sem sakfelldur var fyrir brot í opinberu starfi, sbr. Hrd. 532/2005. Tvær ákæror voru gefnar út á árinu vegna brots í opinberu starfi sbr. XIV. kafla hgl.

M. 003-2005-16

S 27 ára var ákærður fyrir brot í opinberu starfi sem lögreglumaður hjá lögreglustjóranum í Reykjavík, með því að hafa misnotað aðstöðu sína öðrum til ávinnings og hallað réttindum hins opinbera er hann, fyrri hluta árs 2005, á vinnustað sínum, lögreglustöðinni við Hverfisgötu, Reykjavík, tók eina Tetra handtalstöð lögreglustjóraembættisins án þess að skrásetja tókuna og afhenti talstöðina heimildarlaust H að láni um óákveðinn tíma í því skyni að veita H aðgang að fjarskiptum lögreglunnar á lokuðum rásum í þágu starfs hans sem ljósmyndari á eigin vegum („freelance“). H framvísaði talstöðinni við hútleit lögreglu á heimili hans þann 30. nóvember 2005. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 26. apríl 2006 var ákærði sakfelldur og gert að sæta 60 daga skilorðsbundu fangelsi.

M. 035-2005-12094

Á 25 ára var ákærður fyrir tollalagabrot og brot gegn tóbaksvarnarlögum í opinberu starfi, með því að hafa misnotað stöðu sína, sem lögreglumaður við embætti lögreglustjórans á Keflavíkflugvelli til að smygla til landsins alls 720 g af munntóbaki í 30 dósunum. Fór ákærði inn í flugstöðina á grundvelli aðgangsheimildar sinnar sem starfsmaður lögreglustjórans og tók við tóbaksdósunum úr hendi karlmanns sem kom með flugi frá Stokkhólmi, en sá hafði keypt munntóbakið ytra og flutt með sér að beiðni ákærða, sem ætlaði það til eigin neyslu og sölu hér á landi. Geymdi ákærði munntóbaksdósirnar í varðstofu landamæraeftirlits og hugðist smygla þeim út úr flugstöðinni, en lögregla fann dósirnar í vörslum hans inni í flugstöðinni og lagði hald á þær. Með viðurlagaákvörðun Héraðsdóms Reykjaness þann 4. september 2006 var ákærða gert að greiða 7.500 króna sekt og til að sæta upptöku á neftóbakinu.

3.14. Annað

Brot gegn barnaverndarlögum

M. 036-2005-11182

B 68 ára var ákærður fyrir brot gegn barnaverndarlögum með því að hafa á árinu 2002 sýnt frænku sinni, sem þá var 12 ára, ruddalegt og ósiðlegt athæfi og sært hana, með því að taka fjórar myndir af stúlkunni sofandi þar sem hún klæddist eingöngu nærbuxum og bol. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness var ákærði sakfelldur og gert að greiða 200.000 króna sekt og bætur til stúlkunnar.

Hættubrot

J 42 ára var ákærður fyrir að hafa á ófyrirleitinn hátt, stofnað lífi eða heilsu B, fyrrum eiginkonu sinnar, í augljósan háska, er hann ók bifreið sinni yfir steiptan kant á bifreiðastæði fyrir utan veitingastaðinn McDonald's, Smáratorgi 5, Kópavogi, að B sem gengið hafði fram fyrir bifreiðina á meðan hún var kyrrstæð, en hún gat með naumindum komið sér frá bifreiðinni. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum hinn 5. desember 2006 var ákærði sakfelldur og dæmdur í 2 mánaða skilorðsbundið fangelsi. Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar, sem með dómi sínum uppkveðnum þann 13. september 2007 staðfesti dóm Héraðsdóms.

Ærumeiðingar og hótanir

Einn dómur gekk í Hæstarétti vegna ærumeiðingabrots á árinu. Var dómur héraðsdóms ómerktur og málinu vísað sjálfkrafa frá héraðsdómi, sbr. Hrd. 490/2005. Þrjú mál voru flutt í Hæstarétti þar sem m.a. hafði verið ákært fyrir hótun sbr. 233. gr. hgl. Sýknað var í einu máli en sakfelldur í hinum tveimur hvað hótunarbrotin varðaði.

Gefin var út ein ákæra á árinu vegna ærumeiðandi aðdróttunar í garð prests en með dómi Héraðsdóms Reykjaness var ákærði sýknaður af sakargiftum. Þá var einn maður ákærður fyrir hótanir í garð lögreglumanna og var hann sakfelldur og dæmdur í 2 mánaða skilorðsbundið fangelsi.

Peningafals

Ein ákæra var gefin út á árinu vegna brots gegn 151. gr. hgl. Þrír ungir menn voru ákærðir fyrir peningafals með því að koma 5.000 króna peningaseðli í umferð. Voru þeir allir sakfelldir með dómi Héraðsdóms Norðurlands eystra í máli nr. S 186/2006.

Brot gegn samkeppnislögum

Ein ákæra var gefin út á árinu vegna brota gegn samkeppnislögum. Með dómi Hæstaréttar nr. 92/2007 var úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur um frávisun máls staðfestur.

4. kafli

Erlent samstarf

4.1. Samstarf ríkissaksóknara Norðurlanda

Árlegur fundur ríkissaksóknara Norðurlanda var haldinn á Svalbarða dagana 20.-22. júní. Bogi Nilsson ríkissaksóknari sótti fundinn. Fjallað var um refsiframkvæmd og nýmæli í refsiréttar- og réttarfarslögjöf, auk þess sem farið var yfir mál sem varða framkvæmd ákærvalds á Norðurlöndum. Á fundinum var m.a. fjallað um framkvæmd sænskra refsilaga um vændiskaup, aðgerðir til að hraða málsmeðferð vegna brota ungmenna og meðferð spillingarmála.

Ákærendur á Norðurlöndum hafa fundað reglulega um efni sem varða gæði saksóknar. Árlegur fundur um þetta efni var haldinn í Tusby í Finnlandi 27.-28. mars og var hann sóttur af Ragnheiði Harðardóttur vararíkissaksóknara og Sigríði J. Friðjónsdóttur saksóknara. Fjallað var um aðferðir til að meta eða mæla saksóknargæði. Dæmi um slíkar aðferðir voru kynnt á fundinum, s.s. ýmsar leiðbeiningar ríkissaksóknaranna til ákæranda og úttektir á einstökum brotaflokkum þar sem farið var yfir lögreglurannsókn mála og ákvarðanir ákæranda.

4.2. Samstarf ríkissaksóknara Eystrasaltslandanna

Ríkissaksóknarar Norðurlanda taka þátt í samstarfi ríkissaksóknara Eystrasaltslandanna, sem ætlað er að styrkja réttarsamstarf á landsvæðinu. Ríkissaksóknarnir funda árlega og var fundurinn árið 2006 haldinn í Riga 2.-4. nóvember. Ragnheiður Harðardóttir vararíkissaksóknari sótti fundinn.

Ríkissaksóknarnir hafa skipað starfshópa um ýmis málefni. Sigríður J. Friðjónsdóttir saksóknari er fulltrúi og á sæti í starfshópi um mansal.

4.3. Evrópuráðið

Ríkissaksóknarar ríkja sem eiga aðild að Evrópuráðinu funduðu í Moskvu 5.-6. júlí. Meginefni fundarins var: "The role of the public prosecutor in the protection of individuals".

Þá var árleg ráðstefna ríkissaksóknara í Evrópu, Eurojustice, haldin í Osló 27.-29. september. Alþjóðleg hryðjuverkastarfsemi var meginumfjöllunarefni ráðstefnunnar. Bogi Nilsson ríkissaksóknari og Ragnheiður Harðardóttir vararíkissaksóknari sóttu fundinn.

4.4 Evrópska réttaraðstoðin

Hinn 2. desember 2005 undirritaði dómsmálaráðherra fyrir Íslands hönd samstarfssamning við Evrópsku réttaraðstoðina, Eurojust, sem hefur aðsetur í Haag. Eurojust er ætlað að styðja við rannsókn og saksókn mála sem varða alvarlega fjölþjóðlega brotastarfsemi. Meginhlutverk stofnunarinnar er að efla samvinnu og auðvelda samræmingu aðgerða saksóknara og lögregluyfirvalda þegar mál varða fleiri en eitt aðildarríki. Ríkissaksóknari annast samskipti við Eurojust af Íslands hálfu. Starfsemi Eurojust er stjórnað af stjórnarnefnd (college) sem er skipuð fulltrúa frá hverju aðildarríki Evrópusambandsins. Nefndarmenn eru ákærendur og er þeim ætlað að auðvelda samráð og upplýsingaskipti milli yfirvalda í aðildarríkjunum og greiða þannig fyrir rannsókn og saksókn mála. Gert er ráð fyrir því að íslenskur saksóknari vinni með stjórnarnefndinni að málum sem kunna að koma upp og varða Ísland. Ragnheiður Harðardóttir vararíkissaksóknari er tengiliður ríkissaksóknara við Eurojust.

4.5. European Judicial Network

European Judicial Network (EJN) er heiti samstarfs dómsmálayfirvalda Evrópusambandsríkja, með skrifstofu í Haag, sem felur í sér að tilnefndir eru tengiliðir, ákærendur í aðildarríkjunum, til að auðvelda samskipti við meðferð sakamála sem teygja sig til fleiri landa. Reglulegir fundir tengiliða voru haldnir í Graz í Austurríki í júní og í Rovaniemi í Finnlandi í desember. Fundina sóttu Egill Stephensen saksóknari lögreglustjórans í Reykjavík og Ragnheiður Harðardóttir vararíkissaksóknari.

4.6. Alþjóðasamtök saksóknara

Ríkissaksóknari er í Alþjóðasamtökum saksóknara, International Association of Prosecutors (IAP). Samtökin voru stofnuð í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í Vín árið 1995 og er skrifstofa þeirra í Haag. Samtökin eiga áheyrnarfulltrúa á fundum Evrópuráðsins sem varða málefni ákærvaldsins og á fundum efnahags- og félagsmálaráðs Sameinuðu þjóðanna (ECOSOC). Þau standa árlega fyrir ráðstefnum, fundum og námskeiðum um refsiréttar- og réttarfarsmálefni. Þá gefa samtökin út ritröð, verklagsreglur um rannsókn og saksókn í tilteknum brotaflokkum.

Árleg ráðstefna IAP var í París í ágúst. Fundarefni var "Decisions to prosecute".

4.7. Samstarfssamningur ríkissaksóknara á Norðurlöndum um yfirtöku saksóknar

Samstarfssamningur ríkissaksóknara á Norðurlöndum um saksókn í öðru ríki Norðurlanda en því, sem brot hefur verið framið í hefur gilt frá árinu 1972. Í samningnum felst að saksókn vegna brots sem framið hefur verið í einu ríki þeirra getur farið fram í öðru ríki, ef hinn grunaði er búsettur eða dvelst í því ríki.

Nokkur mál voru afgreidd á grundvelli samningsins árið 2006. Um var að ræða minniháttar mál sem flest vörðuðu umferðarlagabrot, en einnig fíkniefnabrot og auðgunarbrot.

4.8. Beiðnir um framsal og réttaraðstoð

Albanskur karlmaður var framseldur til Grikklands snemma á árinu. Framsalsbeiðni grískra dómsmálayfirvalda barst í desember 2005, en maðurinn hafði þá dvalist hér á landi um nokkurra mánaða skeið og sótt um hæli. Samkvæmt framsalsbeiðninni var maðurinn grunaður um manndráp með því að hafa skotið samlanda sinn til bana í Grikklandi í desember 2004. Kærði sætti gæsluvarðhaldi meðan mál hans var til meðferðar hjá íslenskum stjórnvöldum. Að fenginni umsögn ríkissaksóknara ákvað dómsmálaráðherra að verða við framsalsbeiðninni og var kærða kynnt sú ákvörðun á dómþingi við framlengingu gæsluvarðhalds hinn 19. desember. Hinn 21. sama

mánaðar barst Héraðsdómi Reykjavíkur krafa verjanda kærða um dómsúrskurð um hvort skilyrði laga til að verða við framsali væru fyrir hendi. Þegar krafan barst var liðinn sólarhringsfrestur samkvæmt 1. og 2. mgr. 14. gr. laga nr. 13/1984. Allt að einu tók héraðsdómari málið til meðferðar og staðfesti ákvörðun dómsmálaráðherra með úrskurði 2. janúar 2006. Kærði skaut málinu til Hæstaréttar. Með dómi Hæstaréttar 4. janúar var kröfu kærða vísað frá héraðsdómi þar sem lögboðinn frestur hefði verið liðinn þegar krafa um dómsúrskurð barst. Kærði var framseldur til Grikklands hinn 15. sama mánaðar.

Árið 2006 fékk ríkissaksóknari þrjár framsalsbeiðnir pólskra dómsmálayfirvalda til umsagnar. Dómsmálaráðherra synjaði um framsal í tveimur málum að fenginni umsögn ríkissaksóknara um að skilyrði framsals teldust ekki vera fyrir hendi. Í öðru málinu var talið að refsing myndi fyrnd að íslenskum lögum, en í hinu að dæmd refsing myndi vera fallin niður að íslenskum lögum. Einn varnaraðili hvarf af landi brott áður en mál hans hlaut afgreiðslu.

Íslenskur karlmaður sem ákærður hafði verið fyrir líkamsárás á lögreglumann og fyrir að hafa hóttað þremur lögreglumönnum og fjölskyldum þeirra ofbeldi var framseldur frá Danmörku í október. Ákærði hvarf af landi brott áður en náðist að boða hann fyrir dóm. Að beiðni ríkissaksóknara skráði alþjóðadeild ríkislögreglustjóra hann eftirlýstan í Schengen-upplýsingakerfið og á Interpol vefnum 2. október. Hann var handtekinn í Kaupmannahöfn hinn 11. sama mánaðar. Ákærði samþykkti að verða framseldur til Íslands og var sóttur af lögreglu hinn 17. október. Mál ákærða var tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur daginn eftir og dómur í máli hans lá fyrir hinn 24. október.

Nokkrar erlendar réttarbeiðnir bárust ríkissaksóknara á árinu. Oftast var um að ræða beiðni um gagnaöflun eða skýrslutökur af vitnum eða grunuðum búsettum hér á landi. Þá var óskað atbeina íslenskra lögreglu-yfirvalda við húslit og haldlagningu tölvu íslensks ríkisborgara sem ákærður var fyrir kynferðisbrot í Bretlandi. Einnig var óskað upplýsinga úr sakaskrá og málaskrá lögreglu og atbeina við birtingu fyrirkalla eða annarra dómskjala.

5. kafli

Löggjafarmálefni

5.1. Almenn hegningarlög

Með lögum nr. 27/2006 voru gerðar nokkrar breytingar á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 vegna heimilisofbeldis. Var nýrri málsgrein bætt við 70. gr., 3. mgr., þar sem kveðið er á um refsipýngingarheimild þegar nán tengsl geranda og brotaþola þykja hafa aukið á grófleika verknaðar. Er um að ræða heimild til að hækka refsingu innan lögmæltra refsimarka viðkomandi refsíákvæðis. Þá var 191. gr. felld brott úr XXI. kafla laganna um sifskaparbrot, en í staðinn lögfest nýtt ákvæði, 233. gr. b., sem tekur mið af eldri ákvæðinu og því lýst refsínæmu að móðga eða smána maka sinn eða fyrrverandi maka, barn sitt eða annan mann sem er nákominn geranda. Samhliða breytingunni var gerð breyting á 1. tölulið 242. gr. með því að kveða á um að brot gegn 233. gr. b. sæti opinberri ákæru.

Með lögum nr. 74/2006 voru gerðar nokkrar breytingar á almennum hegningarlögum en lagasetningin var talin nauðsynleg svo íslenska ríkið gæti uppfyllt skuldbindingar sínar á grundvelli samnings Evrópuráðsins um tölvubrot sem Ísland undirritaði hinn 23. nóvember 2001 (e. Convention on Cybercrime). Var bætt við ákvæði, 19. gr. d., þar sem kveðið er á um refsíabýrgð lögaðila vegna brota á almennum hegningarlögum að uppfylltum þeim skilyrðum sem greinir í II. kafla A. laganna. Þá var gerð viðbót við verknaðarlýsingu 1. másl. 4. mgr. 210. gr., og því einnig lýst refsínæmu að „afla sér eða öðrum“ þess klámefnis sem greinir í ákvæðinu. Þá var einnig gerð viðbót við verknaðarlýsingu 2. másl. 1. mgr. 257. gr. og því einnig lýst refsínæmu að „senda“ án heimildar gögn eða forrit sem geymd eru á tölvutæku formi og ætluð eru til tölvuvinnslu. Með lögunum voru einnig gerðar breytingar á lögum um meðferð opinberra mála og lögum um fjarskipti, sbr. kafla 5.2.

5.2. Lög um meðferð opinberra mála og lög um fjarskipti

Með lögum nr. 74/2006 voru m.a. gerðar breytingar á lögum um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 vegna framangreinds samnings Evrópuráðsins um tölvubrot. Var nýjum málslið bætt við b-lið 2. mgr. 87. gr., þar sem refsilágmark vegna gagnaöflunar samkvæmt b-lið 1. mgr. 86. gr. var lækkað úr 8 árum niður í 2 ár. Einnig var með lögunum bætt við nýju ákvæði, 87. gr. a., þar sem kveðið er á um heimild lögreglu til að leggja fyrir þann sem rekur fjarskiptaþjónustu eða fjarskiptanet að varðveita þegar í stað tiltekin tölvugögn, þar með talin gögn um tölvusamskipti í allt að 90 daga. Þá var einnig gerð breyting á 47. laga um fjarskipti nr. 81/2003, með nýrri málsgrein, 6. mgr., þar sem kveðið er á um sérstaka skyldu þeirra sem reka fjarskiptaþjónustu eða fjarskiptanet við lögreglu vegna rannsóknar sakamáls, enda styðjist tilmæli lögreglu við dómsúrskurð eða lagaheimild.

5.3. Umferðarlög

Með lögum nr. 66/2006 voru gerðar nokkrar breytingar á umferðarlögum nr. 50/1987. Helstu breytingar urðu sem hér greinir. Gerðar voru orðalagsbreytingar á 44. gr. a. og 68. gr. og bætt við nýju ákvæði, 44. gr. b. og með því kveðið skýrar á um heimildir ráðherra til að setja reglugerð um aksturs- og hvíldartíma og notkun ökurita og eftirlitsheimildir Vegagerðarinnar. Bætt var við nýju ákvæði, 45. gr. a., þar sem kveðið er á um bann við akstri undir áhrifum vímuefna sem bönnuð eru samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974. Telst ökumaður óhæfur til að stjórna ökutæki örugglega mælist ávana- og fíkniefni í blóði eða þvagi ökumanns. Var einnig gerð breyting á 102. gr. laganna og gilda að meginstefnu sömu viðurlagareglur um akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna og gilda um akstur undir áhrifum áfengis. Eru refsingar lagðar að jöfnu hvort heldur er þegar ökumaður hefur brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 45. gr. laganna eða neitað að veita atbeina sinn við rannsókn máls skv. 3. mgr. 47. gr., hvort heldur sem viðkomandi hefur verið undir áhrifum áfengis, örvandi eða deyfandi efna eða annarra ávana- og fíkniefna. Skal ökumaður í slíkum tilvikum sviptur ökurétti. Þá voru gerðar breytingar á 3. og 5. mgr. 102. gr. og kveðið á um að svipting ökuréttar skuli fara eftir alvarleika brots og magni vínanda eða ávana- og fíkniefna.

5.4. Lögreglulög og lög um framkvæmdavald ríkisins í héraði

Með lögum nr. 46/2006, sem tóku gildi 1. janúar 2007, voru gerðar nokkrar breytingar á lögreglulögum nr. 90/1996 og lögum um framkvæmdavald ríkisins í héraði nr. 92/1989. Helstu breytingar urðu sem hér greinir. Lögregluumdæmum var fækkað úr 26 í 15, löggæsla á höfuðborgarsvæðinu var færð undir nýtt embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, embætti lögreglustjórans í Reykjavík var lagt niður á sama tíma og löggæsla færð frá sýslumönnum í Hafnarfirði og Kópavogi til nýja embættisins. Á Suðurnesjum er sérstakur lögreglustjóri sem jafnframt er sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli. Við embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum skulu auk lögreglustjóra starfa aðstoðarlögreglustjórar. Utan höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja er 13 sýslumönnum falið að fara með lögreglustjórn: sýslumanninum á Akranesi, sýslumanninum í Borgarnesi, sýslumanni Snæfellinga,

sýslumanninum á Ísafirði, sýslumanninum á Blönduósi, sýslumanninum á Sauðárkróki, sýslumanninum á Akureyri, sýslumanninum á Húsavík, sýslumanninum á Seyðisfirði, sýslumanninum á Eskifirði, sýslumanninum á Hvalsvellum, sýslumanninum á Selfossi og sýslumanninum í Vestmannaeyjum. Sérstakar rannsóknardeildir skulu starfræktar við sjö lögregluembætti: á höfuðborgarsvæðinu, á Suðurnesjum, á Akranesi, Ísafirði, Akureyri, Eskifirði og Selfossi, samkvæmt nánari reglum sem dómsmálaráðherra setur að fengnum tillögum ríkissaksóknara. Þá skal og sérstök deild hjá ríkislögreglustjóranum, greiningardeild, rannsaka landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess og leggur mat á áhættu vegna hryðjuverka og af skipulagðri glæpastarfsemi.

5.5. Lög um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum

Með lögum nr. 71/2006 voru gerðar nauðsynlegar breytingar á lögum um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum nr. 13/1984 vegna frekari þátttöku Íslands í samningi Evrópusambandsins um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum frá 29. maí 2000 og bókun við þann samning frá 16. október 2001. Með lögum var nýrri málsgrein bætt við 22. gr. laganna þar sem kveðið er á um að réttaraðstoð skuli veitt í samræmi við þá málsmæðferð sem tilgreind er af hálfu þess ríkis er leggur fram beiðni um aðstoð, að því tilskildu að það brjóti ekki í bága við íslensk lög. Er um að ræða breytingu frá þeirri meginreglu að framkvæmd á réttarbeiðni fari að jafnaði eftir lögum þess ríkis sem veitir aðstoð. Tilgangur nýrrar framkvæmdar er að gera það mögulegt að þær upplýsingar sem veittar eru með réttaraðstoð verði ávallt tækar sem sönnunargögn hjá því aðildarríki sem biður um aðstoð. Aðildarríki sem fær beiðni getur þó alltaf neitað að verða við framangreindum óskum ef formlegu skilyrðin og málsmæðferðin brýtur gegn grundvallarreglum hjá því ríki sem veitir aðstoð, svo og ef samningurinn tilgreinir sérstaklega að fylgja eigi reglum aðildarríkis sem beiðni er beint til.

5.6. Lög um aðgerðir gegn peningabætti og aðgerðir gegn hryðjuverkum

Ný lög um aðgerðir gegn peningabætti og aðgerðir gegn hryðjuverkum, nr. 64/2006, leysa af hólmi eldri lög um aðgerðir gegn peningabætti nr. 80/1993. Lögum er ætlað að taka upp í íslenskan rétt ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2005/60/EB, um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningabættis og til fjármögnunar hryðjuverka. Hin nýju lög ná til fleiri aðila en var í eldri lögum og leggja auknar skyldur á þá sem eru tilkynningaskyldir samkvæmt lögum.

5.7. Lög um öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum

Með lögum nr. 53/2006 voru sett lög um öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum. Lagasetningin tengist þjóðréttarlegum skuldbindingum íslenska ríkisins til að tryggja vernd hugverkaréttinda. Lögum er ætlað að styrkja réttarstöðu rétthafa eigenda hugverkaréttinda í viðskiptum og veita slíkum rétthöfum einkaréttarleg úrræði til að koma í veg fyrir eyðingu sönnunargagna og til að tryggja varðveislu þeirra að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Í lögum er gert ráð fyrir að rétthafi sem gerðarbeiðandi leiti til héraðsdóms með kröfu um öflun sönnunargagna gerðarþola en sýslumenn veiti atbeina við gerðina að undangengnum dómsúrskurði.

5.8. Siglingalög

Með lögum nr. 101/2006 voru gerðar breytingar á siglingalögum nr. 34/1985 er varða öryggi á sjó og viðurlög vegna hættulegrar hegðunar eða ástands skipstjóra, skipverja eða annarra starfsmanna. Var 238. gr. laganna breytt og er þar nú kveðið á um ákveðin mörk, hvenær maður teljist óhæfur vegna ölvunar eða annarra vímuáhrifa til að stjórna skipi en vímumörkin taka mið af umferðar- og loftferðalögum. Þá er tilraunarverknáði einnig lýst refsinaemum samkvæmt ákvæðinu og það látið ná til stjórn allra skipa óháð lengd eða knúningsmáta, þ.m.t. skemmtibáta. Þá er ákvæðið ekki einskorðað við skipstjóra heldur látið ná til skipverja sem er við stjórn skips, sem og þeirra sem stjórna skipaferðum eða veita öryggisþjónustu vegna skipaferða. Þá er í ákvæðinu kveðið á um skyldu skipverja og/eða þeim sem stjórna skipaferðum eða veita öryggisþjónustu vegna skipaferða, að gangast undir rannsókn á öndunar-, munnvatns- eða svitasýni, blóð- eða þvagrannsókn að kröfu lögreglu eða Landhelgisgæslu Íslands þegar grunur leikur á að brotið sé gegn ákvæðinu. Þá var nýju ákvæði bætt við siglingalögin, 238. gr. a., þar sem m.a. er kveðið á um sviptingu starfsréttinda. Við sviptingu starfsréttinda skal í dómi tekið fram hvort dómfelldi megi gegna stýrimannsstöðu meðan hann er sviptur skipstjóraréttindum. Að sama skapi skal ákveðið hvort stýrimenn, vélstjórar eða aðrir sem ákveðið er að skuli sviptir starfsréttindum megi gegna öðrum réttindaminni störfum um borð í skipi.

5.9 Umsagnir til Alþingis

Árið 2006 gaf ríkissaksóknari umsagnir um eftirfarandi lagafrumvörp sem bárust embættinu:

• Umsögn um frumvarp til laga nr. 27/2006.

Umsögnin var svohljóðandi.

„Borist hefur til umsagnar frá allsherjarnefnd Alþingis frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, 365. mál, heimilisofbeldi.

Umsögn:

Lagafrumvarpinu fylgir ítarleg greinargerð um athuganir refsiréttarnefndar m.a. á löggjafarþróun í öðrum ríkjum og um forsendur nefndarinnar fyrir þeim tillögum sem hún gerði til dómsmálaráðherra þann 29. ágúst 2005, sem urðu undirstaða þeirra tillagna sem felast í lagafrumvarpinu.

Um löggjafarþróun í öðrum ríkjum, sbr. III. kafla greinargerðarinnar, skal bent á að lagafrumvarp norsku ríkisstjórnarinnar um refsíákvæði, sem beinist gegn ofbeldi nákominna og lýst er skilmerkilega í greinargerðinni, varð að lögum 21. desember 2005, nr. 131, og tóku lögin gildi þann 1. janúar sl.

Breytingum sem felast í frumvarpinu er ætlað, eins og segir í greinargerðinni, að endurspegla með skýrari hætti en áður það mat löggjafans að brot, sem framin eru í samskiptum nákominna, hafi sérstöðu. Með hliðsjón af umræðu um heimilisofbeldi um nokkurt árabíl, fyrri vinnu nefnda á vegum dómsmálaráðherra um heimilisofbeldi og undirbúningi að þessu lagafrumvarpi má ljóst vera að markmiðið með breytingunum er að auka réttarvernd þeirra sem fyrir slíkum brotum verða.

Fallast má á það með refsiréttarnefnd að ekki sé nauðsynlegt að lögfasta sérstakt refsíákvæði um heimilisofbeldi. Hins vegar má efast um að í ákvæðum frumvarpsins komi afdráttarlaust fram ákvörðun löggjafans um aukna réttarvernd þeim til handa sem fyrir heimilisofbeldi verða með þyngri viðurlögum en áður eða með nýjum viðurlagaákvæðum. Ákvæði frumvarpsins virðast leggja í vald dómara að meta hvort tengsl aðila hafi aukið á grófleika verknaðar, sbr. 1. gr. frumvarpsins, og að meta hvort verknaður verður talinn fela í sér stórfelldar ærumeiðingar, sbr. 3. gr. frumvarpsins. Leiðsögn löggjafans til dómarsins virðist hins vegar ekki skýr.

Um 1. gr.

Ríkissaksóknari telur að 1. gr. frumvarpsins geti náð þeim tilgangi að endurspegla það mat löggjafans að brot, sem framin eru í samskiptum nákominna, hafi sérstöðu, jafnvel þótt grófleikamat dómara ráði beitingu þess. Hins vegar þykir mega velja þeirri spurningu upp hvort of langt er gengið af hálfu löggjafans sé grófleikamatinu sleppt úr ákvæðinu sem myndi þá hljóða þannig: Hafi verknaður beinst að karli, konu eða barni sem eru nákominn geranda skal að jafnaði taka það til greina til þyngingar refsingunni.

Um 2. og 3. gr.

Ríkissaksóknari efast um að rétt sé að skipa efni 3. gr. frumvarpsins í XXV. kafla almennra hegningarlaga sem ber yfirskriftina Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs svo sem ráðgert er. Óhjákvæmilega leiðir það til samanburðar við 234. gr. almennra hegningarlaga og þeirrar spurningar hvort ærumeiðingar geti ekki verið stórfelldar þegar slík tengsl, sem lýst er í frumvarpsgreininni, eru ekki á milli aðila. Til greina virðist koma að halda 191. gr. inni í XXI. kafla hegningarlaganna um Sífskaparbrot og hafa efni lagagreinarinnar í einni málsgrein, t.d. svohljóðandi:

Sá sem misbýður maka sínum eða fyrrverandi maka, barni sínu eða öðrum sem eru nákomnir geranda með stórfelldri vanrækslu, móðgun eða smánun skal sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Í stað upptalningar á þeim sem ákvæðinu er ætlað að vernda nægir e.t.v. að nota fornafið einhvern þannig að ákvæðið hljóði eins og greinir: Sá sem misbýður einhverjum sér nákomnum með stórfelldri vanrækslu, móðgun eða smánun skal sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum."

• Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Lög nr. 61 27. mars 2007.

Umsögnin var svohljóðandi.

„Ríkissaksóknara hefur borist til umsagnar, með bréfi allsherjarnefndar Alþingis, dags. 12. f.m., frumvarp til laga um breytingu á kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Af hálfu ríkissaksóknara eru gerðar eftirfarandi athugasemdir:

Samkvæmt 1. gr. frv. er lagt til að hækka 14 ára aldursmarkið í 2. málsl. 1. mgr. 82. gr. hgl. í 18 ár og skv. 13. gr. frv. er lagt til að ákvæði 1. gr. frv. gildi einnig um brot sem framin eru fyrir gildistöku laga þessara, „enda sé fyrningarfrestur þeirra ekki hafinn". Gerð er athugasemd við orðalag 13. gr. frv. og lagt til að síðari málsliður ákvæðisins orðist svo: „Ákvæði 1. gr. gildir um brot sem eru ófyrnd við gildistöku laganna". Þessi leið var farin með breytingu á fyrningarákvæðum danskra hegningarlaga, sbr. lög nr. 441 31/05/2000.

Tekið er undir athugasemdir frv. um að ekki verði talið að slík breyting fari í bága við ákvæði stjórnarskrár eða Mannréttindasáttmála Evrópu, enda rétt að skýra ákvæði 2. gr. og 2. gr. a. hgl. eins og gert hefur verið í Danmörku, þ.e. að bann við afturvirkni taki til refsínæmis verknaðar og refsingar, en ekki til fyrningarreglna.

Lagt er til að ákvæði 1. mgr. 2. gr. frv. verði orðað þannig að það taki til verknaðar sem framinn er með ofbeldi, hótunum "eða annars konar ólögumætri nauðung".

Í 2. gr. frv. eru tillögur um að ákvæði 194. gr. verði rýmkað mjög frá því sem er í gildandi lögum. Í athugasemdum kemur m.a. fram að lagt sé til að ákvæði 195. gr. hgl. um aðra ólögumæta kynferðisnauðung falli brott og 194. gr. um nauðgun taki til allra hótana sem verknaðaraðferðar, en ekki eingöngu ofbeldishótana eins og nú sé gert.

Með fyrirhugaðri breytingu verður að telja að ekki sé tryggt að sú háttsemi að notfæra sér aðstöðumun, sem hingað til hefur verið heimfærð undir 195. gr. laganna, sé refsiverð. Í 195. gr. hgl. segir að hver sem með annars konar ólögumætri nauðung þröngvi manni til samræðis eða annarra kynferðismaka skuli sæta fangelsi allt að 6 árum. Í athugasemdum með frv. segir að með orðunum „annars konar“ sé í raun verið að vísa til 194. gr., þ.e. að hótanir þær, sem falli undir 195. gr. séu ekki eins alvarlegar og hótanir skv. 194. gr. Virðist því vera gert ráð fyrir því að með hugtakinu annars konar ólögumætri nauðung sé einungis átt við hótanir um annað en ofbeldi.

Á þetta verður ekki fallist. Hugtakið hótun nær ekki fyllilega yfir það sem í réttarframkvæmd hefur verið talið felast í ólögumætri nauðung. Það nær t.d. ekki til tilvika þar sem aldurs-/ eða aðstöðumunur ræður því að brotþoli telur sig ekki geta spornað við kynmökum, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar uppkveðinn 15. janúar 2003 í málinu nr. 372/2003.

Þá þykir rétt að benda á að þótt Svíar hafi nýlega rýmkað nauðgunarákvæði sitt í 1. gr. 6. kafla sænska brottsbalken, sbr. lög nr. 90/2005, eins og getið er um í athugasemdum, þá tekur ákvæði 2. gr. 6. kafla laganna til þeirrar háttsemi að þröngva manni til kynferðismaka með annars konar ólögumætri nauðung. Með þeim breytingum sem stefnt er að með frumvarpinu er hætt við að verið sé að þrengja verknaðarlýsingu núgildandi ákvæða.

Samkvæmt 5. gr. frv. er lögð til breyting á 197. gr. hgl. og varðar sú breyting þær stofnanir sem þar eru taldar upp. Bent er á að þjónustustofnanir fyrir fatlaða einstaklinga eru ekki í þessari upptalningu. Auk þess einkorðast refsivernd ákvæðisins við „vistmenn“ stofnana. Með slíku orðalagi er hætt við að refsivernd ákvæðisins taki ekki til andlega fatlaðs fólks sem starfar daglangt á þjónustustofnunum þeim sem t.d. eru tilgreindar í 9. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra. Þannig má nefna að fatlaðir einstaklingar sem eru á hæfingarstöð eða eru starfsmenn á vernduðum vinnustöðum teljast væntanlega ekki vera vistmenn slíkra stofnana, heldur starfsmenn.

Hafa verður í huga þá öru þróun sem átt hefur sér stað í málefnum fatlaðra. Ákvæði 197. gr. hgl. byggir á gömlum grunni, þ.e. á ákvæði 168. gr. hegningarlagna frá 1869. Litlar breytingar hafa orðið síðan á ákvæðinu, sem þá helst felast í því að verknaðarlýsing hefur verið rýmkuð svo að nái til allra starfsmanna þessara stofnana og refsiviðurlög verið þyngd.

Með lögum nr. 41/1983 um málefni fatlaðra var reynt að koma til móts við fatlaða í atvinnu- og endurhæfingarmálum á landsvísu og var sú þjónusta nýmæli í þessum lögum, einnig ákvæði um verndaða vinnustaði og dagvistar- og hæfingarstofnanir. Ljóst er að mikið vatn hefur runnið til sjávar í málefnum fatlaðra frá gildistöku hegningarlagna árið 1869. Fatlaðir einstaklingar nútímans eru ekki eingöngu vistmenn á tilteknum stofnunum, heldur er komið til móts við sértækar þarfir þeirra með því að starfrækja þjónustustofnanir svo þeir geti verið þátttakendur í hinu daglega lífi. Það breytir því hins vegar ekki að eftir sem áður eru fatlaðir einstaklingar útsettari en aðrir fyrir kynferðislegu ofbeldi. Sýnist því koma til greina að rýmka refsiverndina í þá veru að ákvæði 197. gr. hgl. taki ekki eingöngu til vistmanna á tilgreindum stofnunum, heldur einnig til þeirra sem að ofan er getið.

Í 7. gr. frv. er lagt til að lögfest verði almennt ákvæði um kynferðislega áreitni. Gerð er athugasemd annars vegar við skilgreiningu hugtaksins kynferðisleg áreitni og hins vegar við refsímörk ákvæðisins. Eins og fram kemur í athugasemdum frv., bls. 17, hefur skilgreining hugtaksins kynferðisleg áreitni gefist vel í framkvæmd. Hafa menn nokkuð fastmótaðar hugmyndir hvað felist í hugtakinu. Með 7. gr. frv. er lagt til að rýmka hugtakið varðandi brot gegn fullorðnum þannig að það taki ekki eingöngu til líkamlegrar snertingar eins og verið hefur, heldur einnig til einhliða athafna sem fela í sér stöðugt áreiti.

Fræðilega er unnt að heimfæra þær einhliða athafnir sem nefndar eru í ákvæðinu undir 209. gr. hgl., og eru fjölmörg dæmi um slíkt í dómaframkvæmd. Eins og ákvæðið er framsett í frv. tæki það hvorttveggja til tjónsbrot og samhverfra. Spurning er hvort slík framsetning getur verið óheppileg í lagatæknilegu tilliti. Af hálfu ríkissaksóknara þykir heppilegra að skilja alfarið á milli háttsemi sem felur í sér snertingu og þeirra einhliða athafna sem nefnd eru í ákvæðinu. Með því mætti ganga út frá því að hugtakið kynferðisleg áreitni yrði skýrt með sama hætti í öllum kynferðisbrotakafila hegningarlagna. Myndi þá gott samræmi nást, en hugtökin samræði og önnur kynferðismök eru skýrð með sama hætti í öllum kynferðisbrotakafilanum. Eins og áður greinir tekur ákvæði 209. gr. hgl. til einhliða athafna. Refsimörk þess ákvæðis eru nokkuð rúm og því hafa dómstólar nægilegt svigrúm til að dæma þyngri refsingu fyrir háttsemi sem er ítrekuð eða meiðandi.

Hvað refsimörk ákvæðis 7. gr. frv. varðar þykir skjóta skökku við að lagt sé til að kynferðisleg áreitni skv. 7. gr. frv. varði allt að 2 ára fangelsisrefsingu, meðan brot gegn blygðunarsemi skv. 209. gr. hgl. varðar sektum eða fangelsi allt að 4 árum. Verði frumvarpið að lögum, myndi háttsemi sem fæli í sér klúrt orðbragð eða einhliða athöfn í eitt skipti, (sem heimfærð yrði undir 209. gr. hgl.) varða sektum eða fangelsi allt að 4 árum, meðan háttsemi sem fæli í sér ítrekað klúrt orðbragð eða einhliða athöfn, (og heimfærð yrði undir 199. gr. hgl.), myndi varða fangelsi allt að 2 árum. Þá myndu einhliða athafnir varða þyngri refsingu en líkamleg snerting. Refsimörk hegningarlagaákvæða endurspeglar alvarleikastig brota. Kynferðisleg áreitni hlýtur að teljast alvarlegri háttsemi en brot gegn blygðunarsemi. Þykir því nauðsynlegt að refsimörk 7. gr. frv. verði skoðuð í þessu tilliti.

Samkvæmt 9. gr. frv. er gert ráð fyrir breyttum refsimörkum í 201. gr. hgl., en ekki er gert ráð fyrir öðrum breytingum. Á það skal bent að ákvæðið í núverandi mynd tekur ekki til þess þegar t.d. stjúpafrí brýtur gegn stjúpbarnabarni sínu, nema honum hafi verið sérstaklega trúað fyrir barninu til kennslu eða uppeldis. Telja verður með hliðsjón af breyttu fjölskyldumynstri að þörf sé á að endurskoða ákvæðið að þessu leyti. Brjótí t.d. stjúpafrí gegn 14 ára stjúpbarnabarni sínu með því að hafa samræði eða önnur kynferðismök við barnið er verknaðurinn refsilaus nema ólögmatrí verknaðaraðferð hafi verið beitt við verknaðinn, en þá væri unnt að heimfæra háttsemina undir 194., 195. eða 196. gr. hgl. Ákvæði 1. mgr. 202. gr. myndi hins vegar taka til verknaðar gegn barni yngri en 14 ára.

Eftir stendur að börn á aldrinum 14 - 17 ára sem alast upp í nánnum tengslum við stjúpfjölskyldu sína njóta minni refsiverndar en börn sem alast eingöngu upp í nánnum tengslum við blóðtengda. Rétt er að benda á að ákvæði 199. gr. norsku hegningarlaganna, sem samsvarar 201. gr. hgl., virðist vera víðtækara að þessu leyti og gæti því tiltekið sem nefnt er hér í dæmaskyni fallið undir ákvæðið. Þá virðist svipað ákvæði sænsku hegningarlaganna taka til tilviksins, sbr. 2. mgr. 4. gr. 6. kafla laganna.

Þá eru gerðar eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

Hugtakið önnur kynferðismök

Í athugasemdum frumvarpsins á bls. 16 er dregin tiltekin ályktun um hvað falli undir hugtakið „önnur kynferðismök“ í íslenskum rétti, í þeirri upptalningu er hvorki getið þeirrar háttsemi þegar gerandi lætur þolanda fróa sjálfum sér, eða þegar gerandi lætur t.d. tvo þolendur hafa kynferðismök. Með hliðsjón af nýlegum Hæstaréttardómi, frá 6. apríl 2006, nr. 472/2005, þar sem reyndi á ofangreint álítaefni, er ljóst að lítið sé svo á að slík háttsemi falli utan hugtaksins önnur kynferðismök. Í þeim dómi var tekið fram að eins og ákæru væri háttað þættu ekki efni til að taka afstöðu til þess hvort háttsemi ákærða hafi átt undir 209. gr. hgl.

Ríkissaksóknari hefur fengið mál til meðferðar þar sem gerandi hefur látið börn yngri en 14 ára fróa sjálfum sér. Þá þekktist það úr norrænni dómaframkvæmd að slík háttsemi, sem og sú háttsemi að láta börn hafa kynferðismök við dýr eða önnur börn, hefur verið heimfærð undir hugtakið önnur kynferðismök.

Þótt unnt væri að heimfæra framangreinda háttsemi undir 209. gr. hgl. er rétt að benda á að mikill munur er á refsimörkum þess ákvæðis og t.d. 1. mgr. 202. gr., þegar brot beinist að börnum yngri en 14 ára. Þá má benda á að sérstaka fyrningarreglan sem um þessi brot gilda, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 82. gr. hgl., gildir ekki um 209. gr. hgl.

Beiting 194. gr. og 202. gr. hgl.

Í athugasemdum frumvarpsins á bls. 27 í umfjöllun um 202. gr. frv., er lagt til að verknaðarlýsing ákvæðisins verði óbreytt, en áhersla lögð á að ákært verði bæði fyrir nauðgun (194. gr.) og kynferðisbrot gegn barni (202. gr.) hafi fullorðinn maður kynmök við barn undir 14 ára aldri.

Í nánari umfjöllun um þetta atriði með 2. gr. frv. á bls. 40 er tekið fram að það sé gagnrýnisverð niðurstaða að nauðgunarákvæði 194. gr. skuli ekki hafa verið beitt jafnhliða 202. gr. hgl. þegar um ung börn er að ræða, þar sem ekki sé beitt ofbeldi eða hótun um það og er tiltekinn dómur Hæstaréttar nefndur í dæmaskyni (H. 1996:1863).

Skilja má þessa umfjöllun á tvo vegu. Annars vegar að skýra hefði átt nógildandi ákvæði á þann veg að beita eigi þessum ákvæðum saman þegar um er að ræða brot gegn barni yngri en 14 ára. Hins vegar að verði frumvarpið að lögum, eigi að byggja á þessari rýmkuðu verknaðarlýsingu 194. gr. og ákæra fyrir bæði brotin þegar um börn yngri en 14 ára er að ræða.

Varðandi fyrri skilninginn er því til að svara að lögskýringargögn verða engan veginn skilin svo að ætlunin hafi verið með lagabreytingunni árið 1992 að 194. gr. og 202. gr. yrði beitt saman. Í frumvarpi með breytingarlögum nr. 40/1992 er tekið fram í athugasemdum með 194. gr. að lýsing verknaðaraðferðar sé rýmkuð að því leyti að auk beinnar valdbeitingar taki ákvæðið til allra refsiverðra ofbeldishótana. Hvorki er vikið að því í athugasemdum með þessu ákvæði né í athugasemdum með 202. gr. að beita eigi ákvæðunum saman. Þá verður ekki séð af skrifum fræðimanna að ætlunin hafi verið að beita ákvæðunum saman, sbr. grein Jónatans Þórmundssonar um kynferðisbrot í skýrslu Nauðgunarmálanefndar og grein Ragnheiðar Bragadóttur um sífjaspell í ritinu Línælu (2001), bls. 483-4. Í grein Ragnheiðar er umfjöllun um sama hæstaréttardóm (H. 1996:1863) og heimfærsla til refsíákvæða þar talin vera lögum samkvæm. Rétt er einnig að nefna að dómstólar hafa ekki gert athugasemdir við ákæruframkvæmd að þessu leyti. Sé ætlunin að rýmka nauðgunarhugtakið með þeim hætti að það taki til kynferðisbrota gegn börnum yngri en 14 ára án þess að um beina valdbeitingu eða hótun sé að ræða, verður að telja rétt að kveðið sé á um það í lagatextanum sjálfum, sbr. t.d. ákvæði 192. gr. norsku hegningarlaganna og ákvæði 4. gr. í 6. kafla sænsku hegningarlaganna. Það er einnig í samræmi við meginregluna um skýrleika refsheimilda."

• Umsögn um frumvarp til laga nr. 74/2006.

Umsögnin var svohljóðandi.

„Ríkissaksóknara barst til umsagnar með bréfi ritara allsherjarnefndar Alþingis dags. 27. mars sl., frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, lögum um meðferð opinberra mála og lögum um fjarskipti, (Samningur Evrópuráðsins um tölvubrot).

Umsögn um einstakar greinar frumvarpsins:

1. gr. frumvarpsins - Refsiábyrgð lögaðila- Kafli 3.12. og 12. gr. CC

Það er ekki gerð athugasemd við að brot gegn almennum hegningarlögum verði lýst refsiverð fyrir lögaðila einnig. Aðferð sú sem notuð er til þess í frumvarpinu orkar tvímælis þar sem í 1. gr. er gert ráð fyrir nýju ákvæði í II. kafla A almennra hegningarlaga 19. gr. d. en í henni segir; „Ef skilyrðum ákvæða þessa kafla er fullnægt...“ o.s.frv. Kafli II A í hegningarlögum er byggður þannig upp að 19. gr. a. gerir ráð fyrir að í lögum þurfi að vera sjálfstæð lagaheimild til að refsa lögaðila.

Réttara væri að fara að hætti Dana sem hafa sett sambærileg ákvæði við kafla II A sem er 5. kafli dönsku hegningarlaganna. Þeir hafa svo þar fyrir utan sett sérstakt refsíákvæði sem gildir um ábyrgð lögaðila samkvæmt hegningarlögum og er í 306. gr. laganna en vísar til 5. kafla um framkvæmdina en ekki heimildina eins og skilja má að gert sé með framangreindri tilvísun í 1. gr. frumvarpsins. Einnig mætti umorða ákvæðið og segja: „Heimilt er að láta lögaðila sæta refsíábyrgð fyrir brot á lögum þessum, í samræmi við ákvæði þessa kafla“. Ríkissaksóknari telur umrædda breytingu nauðsynlega til að fullnægja skyldum Íslands samkvæmt sáttmálanum og leggur til að greinin verði samþykkt þó með framangreindum fyrirvara.

2. gr. frumvarpsins - Barnaklám - Kafli 3.9 og 1. mgr. 9. gr. CC

Ríkissaksóknari telur umrædda breytingu nauðsynlega til að fullnægja skyldum Íslands samkvæmt sáttmálanum og leggur til að greinin verði samþykkt óbreytt.

3. gr. frumvarpsins - Röskun fjarskipta - Kafli 3.5. og 5. gr. CC

Ríkissaksóknari telur umrædda breytingu nauðsynlega til að fullnægja skyldum Íslands samkvæmt sáttmálanum og leggur til að greinin verði samþykkt óbreytt.

4. gr. frumvarpsins - Aðgangur að samskiptagögnum - Kafli 4 og 14. - 21. gr. CC

Ríkissaksóknari telur þá breytingu nauðsynlega sem lögð er til á b. lið 2. mgr. 87. gr. oml. Nauðsynlegra sönnunargagna um brot framin með tölvum verður í mörgum tilfellum ekki aflað án aðgangs að gögnum um samskipti tölvu, (s.k. loggskrár). Refsiramma þeirra ákvæða sem í hlut eiga eins og t.d. 249. gr. a. og 257. gr. hgl. nær ekki því lágmarki refsingar sem nú gilda samkvæmt b. lið 2. mgr. 87. gr. þ.e. átta ára fangelsi. Í sumum tilfellum hefur verið talið heimilt á grundvelli ríkra almanna- eða einkahagsmuna að heimila lögreglu aðgang að gögnum, en slíkt er undantekning.

Rétt er að leggja áherslu á að 4. gr. frumvarpsins útvíkkar heimild lögreglu til að fá úrskurð til öflunar upplýsinga um tengingar milli fjarskiptatækja, sbr. b. lið 1. mgr. 86. gr. oml. Með því að lækka áskilinn refsiramma samkvæmt b. lið 1. mgr. 87. gr. oml. úr átta árum niður í tvö ár nýtist úrræðið til rannsóknar stórs hluta allra refsilagabrota í stað fárra og sérstaklegra alvarlegra áður. Það verður þó að árétta að ekki er gerð nein breyting á skilyrðum fyrir símhlustun. Eðlilegt er að líta svo á að persónuupplýsingar um tengingar milli fjarskiptatækja þ.e. hvaða síma eða tölvu viðkomandi tengist á ákveðnum tíma, krefjist ekki jafn ríkra takmarkana og upplýsingar um efni og innihald samskiptanna. Ríkissaksóknari telur umrædda breytingu nauðsynlega til að fullnægja skyldum Íslands samkvæmt sáttmálanum og leggur til að greinin verði samþykkt óbreytt.

5. og 6. gr. frumvarpsins - Fyrirmæli um varðveislu gagna - Kafli 4 og 16. gr. CC

Við framkvæmd rannsókna tölvutengdra brota hefur lögregla hingað til þurft að treysta á velvilja starfsmanna fjarskiptafyrirtækja um varðveislu samskiptagagna og trúnað um fyrirsurnir sínar, meðan aflað er dómsúrskurðar um afhendingu þeirra. Þetta getur ekki talist ásættanlegt, hvorki til að tryggja að sönnunargögn spillist ekki né til að tryggja þagnarskyldu sem er mjög mikilvæg til að koma í veg fyrir spillingu sönnunargagna hjá sakborningi sjálfum. Eins eru fjarskiptafyrirtæki sett í afkáralega stöðu gagnvart viðskiptavininum ef lögregla óskar þagnar þeirra um rannsókn á brotum viðskiptavinar þeirra án þess að þau geti réttlætt þögn sína með tilvísun til lögbundinnar þagnarskyldu. Ríkissaksóknari telur umrædda breytingu nauðsynlega til að fullnægja skyldum Íslands samkvæmt sáttmálanum og leggur til að greinin verði samþykkt óbreytt.

7. gr. frumvarpsins - Hækkun refsiramma vegna brota gegn fjarskiptalögum

Hvergi er eins líklegt að rannsóknir brota krefjist öflunar samskiptagagna frá fjarskiptafyrirtækum en þegar brotið er gegn fjarskiptalögum og væri því mjög afkáralegt ef refsiramma þeirra brota næði ekki tilskyldu lágmarki, sbr. 4. gr. frumvarpsins. Þó verður að benda á að refsiramma brota getur ekki eingöngu tekið mið af þeim takmörkunum sem eru á öflun sönnunargagna um brotin. Refsiramma upp á allt að tveggja ára fangelsi er þó í samræmi við refsiramma í mörgum sérrefsilögum. Ríkissaksóknari telur umrædda breytingu nauðsynlega og leggur til að greinin verði samþykkt óbreytt.

Umsögn um ákvæði sáttmálans sem ekki eru taldar kalla á lagabreytingar

Kafli 3.2. í athugasemdum við frumvarpið - 228. gr. hgl. og 2. gr. CC um ólöglegan aðgang

Brot gegn 228. gr. hgl. sæta hvorki opinberri rannsókn né opinberri ákæru, sbr. 242. gr. hgl. Breyting sem gerð var með 4. gr. laga nr. 30, 1998, í því skyni að láta greinina ná yfir tölvubrot er með öllu ófullnægjandi og nýtist fáum ef einhverjum brotapolum. Heimildir 86. og 87. gr. laga nr. 19, 1991, um meðferð opinberra mála standa ekki einkaðilum til boða við rannsókn þeirra á brotum gegn 228. gr. hgl.

Sönnunargagna úr tölvukerfum verður ekki aflað með öðrum úrræðum. Einkaáðilum sem hyggjast leita réttar síns er það því fyrirmunað, enda nýtur sjaldan við annarra sönnunargagna, um hver var að verki, en þeirra sem geymd eru á tölvutæku formi í formi annála hjá fjarskiptafyrirtækjum. Svo virðist sem í frumvarpinu sé uppi misskilningur um að ákvæði 228. gr. hgl. sé fullnægjandi úrræði í skilningi 2. gr. sáttmálans, sem það er í raun ekki. Gera verður breytingar á þessu fyrirkomulagi enda eru engin úrræði fyrir lögreglu til að bregðast við hreinum tölvuinnbrotum, „hacking“, í núverandi lögum. Þó kemur til greina, og kann að vera eðlilegt, að opinber rannsókn og ákvörðun um saksókn verði háð kröfu þess sem misgert er við.

Enn fremur kann að vera eðlilegt að þyngja refsingu við brotum þessum þannig að hún verði allt að tveggja ára fangelsi svo nota megi úrræði 86. og 87. gr. oml. til gagnaöflunar sbr. 4. og 7. gr. frumvarpsins. Tölvuinnbrot eru bagaleg og kostnaðarsöm fyrir þá sem fyrir þeim verða þrátt fyrir að ekki sé hægt að sanna eignarspjöll eða ásetning til auðgunarbrotu og því nauðsynlegt að lögregla hafi heimild til að rannsaka þau brot. Danir leggja allt að 18 mánaða fangelsi við þessum brotum en við öðrum brotum sem talin eru upp í 228. gr. hgl. einungis 6 mánaða fangelsi, sbr. 263. gr. dönsku hegningarlaganna. Rök standa til þess að þyngja refsingar vegna tölvuinnbrota þar sem þær upplýsingar sem í hlut eiga geta varðað meiri verðmæti, t.d. atvinnuleyndarmál, en þau sem greininni var upphaflega ætlað að vernda, þ.e. einkamál annars manns. Bent er á að samkvæmt 3. mgr. 263. gr. dönsku hegningarlaganna er lagt allt að 6 ára fangelsi við grófum brotum gegn 1. eða 2. mgr.

Kafli 3.3. í athugasemdum við frumvarpið - 228. gr. hgl. og 3. gr. CC ólögleg hlerun

Sama misskilnings gætir um ágæti 228. gr. hgl. Vísað er til umfjöllunar hér að framan.

Kafli 3.6. í athugasemdum við frumvarpið - 6. gr. CC um misnotkun búnaðar

Tilvísun til 20. og 22. gr. hgl. um hlutdeild og tilraun eru byggð á misskilningi og nægja þau engan veginn til að fullnægja skuldbindingum 6. gr. sáttmálans. Tilgangurinn með 6. gr. sáttmálans er að gera refsivert að framleiða, selja, afla, flytja inn, dreifa eða að gera aðgengilegan tiltekinn búnað sem samkvæmt gerð sinni og eðli er fyrst og fremst ætlaður til tölvubrotu sem og sömu meðferðar á lykilorðum og aðgangskóðum.

Það er langur vegur frá því að maður sé tekinn með forrit sem einkum er notað til tölvuinnbrota til þess að hægt sé að sanna að hann hafi haft ásetning til að brjótast inn í tölvukerfi. Í mörgum tilfellum má telja líklegt að forritið hafi átt að nota til að prófa innbrotsþol eigin tölvu. Til eru dæmi um að illa fengin lykilorð og notendanöfn gangi manna á milli á netinu. Þrátt fyrir að maður sé tekinn með slík lykilorð og notendanöfn, án þess að hann hafi aðhafst nokkuð til að nota þau eða undirbúa notkun þeirra í refsiverðum tilgangi, verður traudla sannaður, gegn neitun hans, ásetningur til notkunar þeirra. Ákvæði 6. gr. má líkja við þau bönn sem eru við meðferð og eign ákveðinna vopna sem fyrst og fremst eru ætluð til líkamsmeiðinga eða eru sérstaklega hættuleg. T.d. er bannað að flytja inn, framleiða, eignast eða hafa í vörslum sínum hnúajárn, sjá um þetta e-lið 1. mgr. 2. gr., c-lið 2. mgr. 6. gr., sbr. 36. gr. vopnalaga nr. 16/1998. Þrátt fyrir að maður sé tekinn með slíkt vopn í fórum sínum, sem eingöngu er ætlað til að valda auknum áverka á öðrum mönnum af völdum hnefahögga, verður sá maður ekki ákærður eða sakfelldur fyrir tilraun til líkamsmeiðinga, nema eitthvað meira komi til.

Til greina kemur að setja í lög sérstakt bann byggt á 6. gr. sáttmálans og lögð verði refsing við vörslu þeirra hluta sem þar eru taldar með. Þess verði þó gætt að gerður sé fyrirvari um að hluti þeirra forrita sem einkum eru notuð til tölvuinnbrota eru einnig notuð í löglegum tilgangi t.d. til að prófa öryggi tölvukerfa og þeir sem starfa á því sviði kunna að hafa lögleg not af slíkum forritum. Nauðsynlegt kann að vera að sett verði heimild í lög til að dómsmálaráðherra geti kveðið á í reglugerð um hvaða tæki og tól falla undir bannregluna. Svipuð leið kemur til greina og farin er með reglugerð 233/2001 um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni. Tækni á þessu sviði fleytir fram og sífellt spretta upp ný forrit sem falla undir skilgreininguna í 6. gr. CC. Í þessu efni er nauðsynlegt að leita álits fagmanna á tölvusviði.

Rétt er þó að benda á að það kann að vera rétt niðurstaða að gera ekki sérstakar ráðstafanir í tilefni af 6. gr. sáttmálans og líta í staðinn á þann vanda sem ákvæðinu er ætlað að leysa sem öryggisvanda sem ekki skapi mikla hættu, heldur verði leystur með þeim öru framförum sem orðið hafa í aðgangsstýringum og öryggisráðstöfunum til varnar tölvukerfum. Þetta verður þó að vegna og meta en það mun hafa verið niðurstaðan í Danmörku að setja ekki í lög sérstök ákvæði að þessu tilefni með vísan til þess að tæknin leysi þann vanda sem að steðjar. Niðurstaðan í Danmörku er ekki fengin með þeim rökum að ákvæði um tilraun og hlutdeild leysi vandann. Niðurstaða frumvarpsins er þó eftir sem áður röng, þótt farin yrði sú

leið sem Danir kusu, þar sem hún byggir á misskilningi varðandi sönnunarkröfur í opinberum málum og gildissvið ákvæða 20. og 22. gr. hgl.

Um 17. gr. CC

Í umfjöllun um réttarfarsúrræði er ekki vikið að ákvæði 17. gr. sáttmálans. Í b.-lið 1. mgr. 17. gr. CC er gert ráð fyrir að fjarskiptafyrirtæki skuli afhenda lögbærum yfirvöldum í flýti samskiptagögn til að bera kennsl á viðkomandi þjónustuveitendur. Með samskiptagögnum er meðal annars átt við frá hvaða IP tölu tengst er og við hverja og á hvaða tíma. Allar tölvur á internetinu hafa sérstakar IP tölur sem geta verið fastar eða breytilegar. Upplýsingar um IP tölur er hægt að finna á þar til gerðum heimasíðum á internetinu þar sem haldið er utan um skráningu þeirra eftir svæðum í heiminum. Þar kemur fram hvaða þjónustuveitendur eru skráðir fyrir ákveðinni IP tölu. Þegar tölvur sem eiga samskipti eru skráðar, eða hægt er að skrá upplýsingar um m.a. IP tölu þess sem tengist, tímasetningu, tímallengd tengingar, hverjum er tengst áfram o.s.frv. Slíkar upplýsingar kallast samskiptagögn, e. Traffic Data.

Þegar lögregla rannsakar brot getur þurft að rekja fjarskiptin, tengingar tölvunnar, frá brotavettvangi þ.e. þeirri tölvu þar sem brot er framið eða kemur fram, til baka til þess sem liggur undir grun eða öfugt. Slík samskipti geta farið vítt og breytt um heiminn frá einum þjónustuaðila til annars þannig að hjá einum slíkum í keðjunni liggja bara upplýsingar um þá IP tölu sem er næst á eftir og undan í keðjunni. Þegar svo háttar til þarf að afla með dómsúrskurði upplýsinga hjá hverjum og einum þeirra sérstaklega. Ef einungis er leitað til eins í einu líður langur tími þar til rannsókn leiðir til niðurstöðu.

Ákvæði 17. gr. er ætlað að gera það mögulegt að tryggja að allir þjónustuaðilar sem koma að tengingu varðveiti eða sjái til þess að aðrir þjónustuaðilar sem koma við sögu í fjarskiptunum, tengingunni, varðveiti nauðsynleg samskiptagögn. Þetta er gert til að öruggt sé að upplýsingar um leið samskiptanna liggja fyrir þegar lögregla kemur til að sækja þær. Eða eins og það er orðað í ákvæðinu „átta sig á þeirri leið sem boðin voru send eftir“. Nauðsynlegt er að tryggja að lögregla geti snúið sér beint til allra, eða sem flestra þjónustuaðila sem í hlut eiga, á sem skemmstum tíma og lagt fyrir þá að varðveita gögn um tengingar meðan leitað er dómsúrskurðar. Án þessa er líklegt að búið verði að eyða gögnum hjá einhverjum þeim þjónustuaðilum sem í hlut eiga áður en lögregla fær upplýsingar um þá og nær að tryggja gögnin. Þetta er skjól tölvuþrjóta sem nýta með þessum hætti að fara flóknar leiðir við tengingar til að koma í veg fyrir rakningu.

Það er því nauðsynlegt að taka, með einhverjum hætti, á þessum vanda sem 17. gr. CC er ætlað að leysa en það hefur ekki verið gert. Örugasta leiðin til að tryggja umrædda rannsóknarhagsmuni er að skylda þjónustuveitanda til að gefa lögreglu, án úrskurðar, upplýsingar um hvaða aðrir þjónustuveitendur koma við sögu þannig að lögregla geti beint því til þeirra að varðveita gögnin meðan aflað er dómsúrskurðar. Einnig þurfa þeir að afhenda upplýsingar sem nægja til að aðrir þjónustuveitendur geti borið kennsl á fjarskiptin s.s. IP tölu og tímasetningu. Vísað er til enskrar útgáfu af „ Explanatory Report“ með Convention on Cybercrime af þeim kafla sem fjallar um 17. gr. CC.

Frumvarpið tekur ekki á þessum vanda sem 17. gr. CC er ætlað að leysa og verður að bæta úr því."

* Umsögn um frumvarp til laga nr. 66/2006.

Umsögnin var svohljóðandi.

„Borist hefur til umsagnar frá samgöngunefnd Alþingis frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum nr. 50/1987, 503. mál, EES-reglur o.fl.

Af hálfu ríkissaksóknara eru gerðar eftirfarandi athugasemdir:

Í 9. gr. frv. er m.a. að finna ákvæði um auknar heimildir Vegagerðarinnar til að framfylgja eftirliti með afmörkuðum þáttum. Ekki eru gerðar athugasemdir við ákvæðið en rétt er að leggja áherslu á að almennt verði farið varlega í að veita öðrum stofnunum en lögreglu rannsókn refsiverðra brota. Lögregla getur, með öflun sérþekkingar og sérstakra tækja, sinnt flóknum málum á ýmsum sérsviðum.

Í 14. gr. frv. er að finna ákvæði um ökuréttarsviptingu. Gert er ráð fyrir að í 7. mgr. 102. gr. umferðarlaga verði kveðið á um að ökumaður skuli ekki beittur viðurlögum vegna aksturs undir áhrifum ávana- og fíkniefna að uppfylltum þremur skilyrðum sem tilgreind eru í a.- c. lið málsgreinarinnar. Í greinargerð er tekið fram að æskilegt sé að í læknisvottorði skv. a. lið komi fram að sjúklingurinn sé þrátt fyrir sjúkdóm sinn og lyfjainntöku fullkomlega fær um að stjórna ökutæki. Ljóst er að í refsímáli er ekki unnt að gera þessar kröfur, fyrst ekki er skýr áskilnaður um það í lögnum. Réttara væri því að þetta kæmi fram í lagaákvæðinu sjálfu. Þá má varpa fram þeirri spurningu hvort nauðsynlegt sé að bæði skilyrði a.- og b.-liða (um lyfjakort) séu uppfyllt. Í greinargerð með frumvarpinu er ekki vikið að því af hverju framangreint læknisvottorð sé ekki látið duga til sönnunar, heldur þurfi ökumaður jafnframt að sýna lyfjakort, eða þá að lyfjakortið sé látið duga.

Ljóst er að hið nýja ákvæði 45. gr. a. um bann við akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna á einungis við þau efni sem alfarið eru bönnuð á íslensku yfirráðasvæði, þ.e. efna sem vísað er til í 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og b-merktra efna samkvæmt fylgiskjali með reglugerð nr. 233/2001, sbr.

reglugerð nr. 848/2002. Ekki verður séð að ákvæðið eigi við önnur efni samkvæmt fylgiskjalinu þ.e. þau sem einungis eru eftirritunarskyld, t.d. morfíns. Um akstur eftir neyslu á þeim efnum myndi því gilda ákvæði 44. gr. umferðarlaga og ákærvaldið þyrfti að sýna fram á að ökumaður hafi ekki verið fær um að stjórna ökutækinu örugglega. Af greinargerð með frumvarpinu er ekki unnt að ráða hvaða ólöglegu efni það eru sem tíðkast að gefa sjúklingum í lækningaskyni, þannig má setja spurningarmerki við hvort ákvæði 7. mgr. 102. gr. laganna, um að ökumenn geti komist hjá viðurlögum, sé raunhæft.

Að öðru leyti er tekið undir tillögur sem felast í frumvarpinu."

• **Umsögn til allsherjarnefndar um frumvarp til laga nr. 53/2006.**

Umsögnin var svohljóðandi.

„Ríkissaksóknara barst framangreint frumvarp til umsagnar vegna ætlaðra brota gegn hugverkaréttindum, 328. mál.

Ríkissaksóknari fær ekki séð að tilvísuð ákvæði TRIPS samningsins leggi þjóðréttarlega skyldu á Íslendinga um að lög taka þau úrræði sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Þvert á móti tryggja núverandi úrræði laga lögreglu fullnægjandi tæki til að tryggja þá vernd sem TRIPS samningurinn krefst og vísað er til í III. kafla frumvarpsins einkum í 41. og 50. gr. TRIPS. Verði frumvarpið að lögum opnast hins vegar ágæt úrræði fyrir rétthafa hugverka til að afla sönnunargagna og framfylgja rétti sínum sjálfir fyrir dómstólum án afskipta lögreglu. Með þeim fyrirvara sem gerður er hér á eftir, getur þetta orðið til þess að létta störfum af lögreglu.

Í 1. gr. frumvarpsins eru talin upp hugverkaréttindi sem úrræðum frumvarpsins er ætlað að nýtast til verndar. Í flestum tilfellum sæta brot gegn hugverkaréttindum opinberri rannsókn lögreglu og ákæru, í öðrum tilfellum á sá sem misgert er við sókn sakar sjálfur að eigin vali, eða eingöngu. Rétthafar hafa til viðbótar möguleika á að höfða skaðabótamál á hendur hinum brotlegu. Framangreind úrræði verða nýtt saman án þess þó að í frumvarpinu sé fjallað um samspil þeirra. Virðist vel koma til greina að rétthafi beiti úrræðum frumvarpsins til að afla sönnunargagna til notkunar í skaðabótamáli eða einkarefsimáli og leiti í því skyni atbeina viðkomandi sýslumanns. Síðar kann rétthafinn að beina kæru til lögreglustjóra og krefjast opinberrar rannsóknar. Lögreglustjóri er þá settur í þá aðstöðu að byrja rannsókn á máli sem rétthafinn hefur áður rannsakað sjálfur, e.t.v. með aðstoð hans þar eð embættismaðurinn, sýslumaður, sem framkvæmdi leitina er jafnframt lögreglustjóri. Gildir sú skipan um öll lögregluumdæmi landsins nema Reykjavík eins og kunnugt er.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að leit geti farið fram án aðvörunar, þegar hætta er á að sönnunargögn spillist, sbr. 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins. Þó er ekkert sem kemur í veg fyrir að rétthafinn beini kæru til lögreglu vegna sama máls eftir að hafa með aðgerðum sínum e.t.v. spilt möguleikum til að upplýsa málið með beinni eða óbeinni aðvörun til hins grunaða sem gefst þá tækifæri til að koma undan sönnunargögnum. Gögn sem aflað hefur verið á grundvelli leitar samkvæmt frumvarpinu verða ekki síðar nýtt í opinberu máli sem sönnunargögn, sbr. 21. gr. frumvarpsins.

Æskilegt er að í lögum sé kveðið á um að hafi rétthafi byrjað rannsókn á máli með þeim úrræðum sem honum eru tryggð með frumvarpinu, annað hvort í því skyni að höfða einka-, refs- eða skaðabótamál, sæti þau mál ekki síðar opinberri rannsókn. Á sama hátt verði gert óheimilt að beita úrræðum frumvarpsins á þeim tíma sem kæra rétthafa er til rannsóknar hjá lögreglu."

• **Umsögn um frumvarp til laga nr. 46/2006.**

Umsögnin var svohljóðandi.

„Ríkissaksóknara hefur borist til umsagnar, með bréfi allsherjarnefndar, dags. 23. f.m., frumvarp til lögreglulaga og framkvæmdavald ríkisins í héraði, 520. mál.

Meginefni frumvarpsins lýtur að skipulagi löggæslu. Ríkissaksóknari hefur áður lýst því að æskilegt sé og tímabært að endurskoða umdæmaskipan lögreglustjóra í landinu. Telja verður að stækkun lögregluumdæma og rannsóknardeilda horfi til aukinnar sérhæfingar þeirra sem annast lögreglurannsóknir og leiði til þess að rannsóknir sakamála verði markvissari. Í samræmi við ráðagerð um að aðstoðarlögreglustjórar starfi við stærstu lögregluembættin, sbr. 4. gr. frv., þykir rétt að felld verði úr lögum heimild sem nú er að finna í 4. mgr. 25. gr. oml. til að skipa saksóknara við einstök embætti lögreglustjóra.

Tekið er undir nauðsyn þess að sérstakar greiningardeildir starfi við stærstu lögregluumdæmin, sbr. 1. gr. frv., og að sérstaklega verði hugað að greiningu áhættuþátta hvað varðar skipulagða glæpastarfsemi og hryðjuverk. Nauðsynlegt er að skýrar reglur gildi um starfsemi og valdheimildir slíkra greiningardeilda, auk þess sem um þessi atriði fari eftir ákvæðum laga um meðferð opinberra mála."

• **Tillaga til þingsályktunar um afnám refsíákvæða vegna ærumeiðinga, 294. mál.**

Umsögnin var svohljóðandi.

„Ríkissaksóknara hefur borist til umsagnar, með bréfi allsherjarnefndar Alþingis, dags. 13. þ.m., tillaga til þingsályktunar um afnám refsíákvæða vegna ærumeiðinga, 294. mál.

Ríkissaksóknari telur tímabært að ákvæði almennra hegningarlaga um ærumeiðingar og friðhelgi einkalífs sæti heildstæðri endurskoðun. Við þá endurskoðun verði horft til alþjóðlegrar þróunar reglna sem gilda á þessu réttarsviði, m.a. með hliðsjón af dómum Mannréttindadómstóls Evrópu.“

- Að auki bárust embættinu til umsagnar án þess að tekin væri afstaða til þeirra eða gerðar sérstakar athugasemdir við frumvörpin eða að ástæða sé til að rekja nánar í skýrslu þessari.
- Frá allsherjarnefnd. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála og almennum hegningarlögum, 53. mál, brottvisun og heimsóknarbann.
- Frá allsherjarnefnd. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um einkamál nr. 91/1991, 82. mál, skilyrði fyrir gjafsókn.
- Frá allsherjarnefnd. Frumvarp til laga um breytingu á lögum dómstóla nr. 15/1998 og laga um einkamál nr. 91/1991, 670. mál, dómstörf og kjör löglærða aðstoðarmanna o.fl.
- Frá allsherjarnefnd. Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 og skaðabótalögum nr. 50/1993, með síðari breytingum, 21. mál, ærumeiðingar og hækkun miskabóta.
- Frá samgöngunefnd. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um rannsókn sjóslysa nr. 68/2000, 412. mál.
- Frá samgöngunefnd. Frumvarp til laga um breytingu á siglingalögum nr. 34/1985, 376. mál.
- Frá samgöngunefnd. Frumvarp til breytinga á lögum nr. 50/2004 um siglingavernd. 238. mál.
- Frá sjávarútvegsnefnd. Frumvarp til laga um ýmsar breytingar á sviði fiskveiðistjórnar (viðurlagaákvæði), 232. mál.

6. kafli Starfsmenn ríkissaksóknara

Starfsmenn við embætti ríkissaksóknara voru þann 31. desember 2006:

Bogi Nilsson, ríkissaksóknari
Ragnheiður Harðardóttir, vararíkissaksóknari
Sigríður Friðjónsdóttir, saksóknari
Kolbrún Sævarsdóttir, saksóknari
Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari
Sigríður Elsa Kjartansdóttir, saksóknari
Hulda Elsa Björgvinsdóttir, fulltrúi (leyfi)
Kolbrún Benediktsdóttir, fulltrúi
Ragna Bjarnadóttir, fulltrúi

Fimm starfsmenn voru á skrifstofu embættisins:

Jenný Heiða Björnsdóttir, skrifstofustjóri
Þorgerður Þórdís Haraldsdóttir, málaskrárritari, sem gegnir hálfu starfi
Anna Matthildur Axelsdóttir, ritari
Sigríður Einarsdóttir Laxness, ritari
Kristín Herdís Bjarnadóttir, ritari

Bjarnfríður Gunnarsdóttir lét af störfum sem skrifstofustjóri hinn 31. október 2006

Samkvæmt framangreindu voru 13 starfsmenn við embætti ríkissaksóknara þann 31. desember s.l., 12 konur og 2 karlar, í tólf og hálfu starfi.

7. kafli

Siðareglur ákærenda

Evrópskar leiðbeiningarreglur Um siði og breytni opinberra ákæranda „Búdapestreglurnar”

Samþykktar af Ráðstefnu evrópskra ríkissaksóknara 31. maí 2005

Inngangur

1. Opinberir ákærendur fara með lykilhlutverk í refsivörslukerfinu, og í sumum löndum eru þeim ennfremur falin ýmis önnur verkefni, svo sem á sviði viðskipta, einkamálaréttar eða stjórnáhrættar, sem almennum gæslumönnum laga og réttar.
2. Með þetta í huga hefur Ráðstefna evrópskra ríkissaksóknara sannfærst um að hvetja beri til þess að opinberum ákærendum séu skilgreindar sameiginlegar meginreglur, og hefur ráðstefnan á allsherjarfundum sínum í Búdapest í maí 2005 samþykkt eftirfarandi leiðbeiningarreglur um siði og breytni opinberra ákæranda.
3. Samkvæmt tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. Rec (2000) 19 um hlutverk ákæruvaldsins í refsivörslukerfinu, sem er grundvallarskjal Ráðstefnu evrópskra ríkissaksóknara, fara opinberir ákærendur með opinbert vald og tryggja fyrir hönd samfélagsins og í almannapágu að lögum sé beitt þegar brot gegn þeim hefur í för með sér refsiviðurlög, og taka þeir í því starfi tillit til bæði réttinda hins einstaka manns og nauðsynlegrar skilvirkni refsivörslukerfisins.
4. Í öllum refsivörslukerfum ákveða opinberir ákærendur hvort sakamál skuli höfðað eða því haldið áfram, sækja mál fyrir dómstólum, og geta enn fremur áfrýjað dómsúrlausnum, sumum eða öllum.
5. Leiðbeiningarreglurnar eru ekki bindandi fyrir handhafa ákæruvalds í hinum einstöku löndum, heldur ber að líta svo á að þær setji fram almenn meginreglur sem yfirleitt er fallist á hvað snertir störf opinberra ákæranda, og sem telja má að feli í sér leiðbeiningar innanlands um álitafni er varða siðferðilega rétta breytni og áþekk atriði.
6. Í leiðbeiningarreglunum eru sett fram viðmið um hättarni og starfshætti sem krafist er af öllum ákærendum er starfa hjá eða á vegum handhafa opinbers ákæruvalds.
7. Til að tryggja að opinberum ákærendum sé unnt að fullnægja starfsskyldum sínum sjálfstætt og í samræmi við leiðbeiningarreglur þessar minnir ráðstefnan á þau öryggisatriði sem fjallað er um í 4.-10. lið tilmæla nr. (2000) 19 um hlutverk ákæruvaldsins í refsivörslukerfinu.

I. Grundvallarskyldur

Opinberum ákærendum ber ávallt, hvernig sem á stendur

- að vinna störf sín, þar á meðal að sinna skyldu sinni til aðgerða, í samræmi við viðeigandi landslög og alþjóðalög,
- að vinna störf sín af sanngirni, hlutleysi og samkvæmni, og með hæfilegum hraða,
- að virða, vernda og halda uppi mannlegri reisn og mannréttindum,
- að taka tillit til þess að þeir starfa fyrir hönd samfélagsins og í þágu almannahags,
- að leitast við að ná sanngjörnu jafnvægi milli almennra samfélagshagsmuna og hagsmuna og réttinda einstaklingsins.

II. Almennt um faglega breytni

Opinberum ákærendum ber ávallt að gera hæstu faglegar kröfur, og

- a. ávallt gæta heiðurs og virðingar starfs síns,
- b. ávallt sýna faglega breytni,
- c. ávallt gæta ýtrustu krafna hvað snertir heiðarleika og vandvirkni,
- d. vinna störf sín á grundvelli mats síns á atvikum og lögum samkvæmt, án nokkurra óviðkomandi áhrifa,
- e. halda sér vel upplýstum og viðhalda starfsfærni sinni og þekkingu á lagalegri og félagslegri framvindu,
- f. kappkosta að vera hlutlausir og vera reyndir að því að gæta hlutleysis og samræmis í störfum, þar á meðal með því að setja fram og birta almennar leiðbeiningarreglur, meginreglur og viðmið eins og fjallað er um í lið 36 a í tilmælum nr. Rec (2000) 19 til leiðsagnar við störf sín sem einstaklingar og sem heild, og stuðla þar sem það á við að umræðum og hópstarfi,
- g. vinna störf sín af sanngirni og án ótta, vildar eða fordóma,
- h. leiða hjá sér einstaklingsbundna og hópbundna hagsmuni og þrýsting frá almenningi eða fjölmiðlum,
- i. virða jafnrétti allra fyrir lögum og sýna engum mismunun á grundvelli atriða á borð við kynferði, kynþátt, hörundslit, tungu, trú, stjórnmálaskoðun eða aðrar skoðanir, kynhneigð, þjóðernislegan eða félagslegan uppruna, tengsl við þjóðernisminnihluta, eignir, ætterni, heilsufar, fötlun eða aðra stöðu,
- j. virða trúnað um það sem leynt á að fara í starfi,
- k. hafa í huga sjónarmið, réttmæta hagsmuni, einkalíf og hugsanleg áhyggjuefni fólks sem þeir kunna að hafa afskipti af í starfi,
- l. leitast við að tryggja að einstaklingum séu á fullnægjandi hátt kynnt réttindi sín og réttarstaða, að því marki sem það fellur undir verksvið opinbers ákæranda,
- m. koma fram í dómi og gagnvart lögreglu og öðrum yfirvöldum, svo og gagnvart öðrum í stétt lögmannna, af virðingu og kurteisi,
- n. veita aðstoð opinberum ákærendum og yfirvöldum í öðrum löndum samkvæmt lögum og til að stuðla sem mest að alþjóðlegri samvinnu,
- o. leyfa ekki persónulegum eða fjárhagslegum hagsmunum opinbers ákæranda, eða fjölskyldutengslum, félagslegum tengslum eða öðrum tengslum hans, að hafa áhrif á breytni hans í starfi. Sérstaklega ber þeim ekki að vinna störf opinbers ákæranda í málum þar sem þeir, skyldmenni þeirra eða félagar í viðskiptum hafa persónulegra, einstaklingsbundinna eða fjárhagslegra hagsmuna eða tengsla að gæta.

III. Fagleg breytni varðandi rekstur refsímála

Í starfi er varðar rekstur refsímáls ber opinberum ákærendum ávallt að

- a. virða grundvallarregluna um réttláta málsmeðferð eins og hún kemur fram í 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu,
- b. rækja störf sín af sanngirni og hlutleysi, málefnalega, og sjálfstætt innan þess ramma sem lög kunna að kveða á um,
- c. leitast við að tryggja að refsivörslukerfið starfi eins greiðlega og unnt er og í samræmi við kröfur réttvísinnar,
- d. virða þá reglu að maður telst saklaus þar til sekt hans er sönnuð,
- e. leitast við að tryggja að allar nauðsynlegar og eðlilegar rannsókir og athuganir fari fram eða hafi farið fram áður en ákvarðanir eru teknar um að höfða mál eða höfða ekki mál, eða aðrar ákvarðanir sem kunna að hafa áhrif á gang réttvísinnar,
- f. taka tillit til allra viðeigandi aðstæðna í máli, þar á meðal þeirra sem varða hinn grunaða, hvort sem þær eru honum í hag eða í óhag,
- g. höfða ekki mál og halda ekki máli til streitu þegar hlutlaus rannsókn sýnir að sakargift er ekki á rökum reist,
- h. sækja mál af ákveðni en sanngirni, og ekki umfram það sem sönnunargögn benda til,
- i. athuga möguleg sönnunargögn með tilliti til þess hvort þeirra hafi verið löglega aflað,
- j. hafna notkun sönnunargagna sem með rökum má telja að hafi verið aflað ólöglega þannig að alvarlega hafi verið brotið gegn mannréttindum hins grunaða eða annarra, nema gegn þeim sem það gerði,
- k. leitast við að tryggja að til viðeigandi aðgerða sé gripið gegn þeim sem slíkum aðferðum hafa beitt,
- l. gæta reglunnar um jafna stöðu málsaðila, sérstaklega með því að veita hinum ákærða eða verjanda hans upplýsingar að því marki sem lög leyfa og samræmist réttlátri málsmeðferð,
- m. taka réttmætt tillit til hagsmuna vitna og brotaþola,
- n. aðstoða dóminn við að komast að réttlátri niðurstöðu,
- o. taka ákvarðanir á grundvelli óhlutdrægs og faglegs mats á þeim sönnunargögnum sem fyrir hendi eru.

IV. Breytni í einkalífi

- a. Opinberir ákærendur mega með athöfnum í einkalífi sínu hvorki stefna í hættu heiðarleika ákæruvaldsins, réttisýni þess eða óhlutdrægni, né þeirri ímynd heiðarleika, réttisýni og óhlutdrægni sem það kann að njóta.
- b. Opinberir ákærendur skulu ávallt virða lög og hlýða lögum.
- c. Opinberum ákærendum ber að sýna breytni sem stuðlar að og heldur við trausti almennings á starfi þeirra.
- d. Opinberir ákærendur mega ekki nýta upplýsingar sem þeir kunna að hafa haft aðgang að í starfi sínu með óréttmætum hætti í þágu einstaklingsbundinna hagsmuna þeirra sjálfra eða annarra.
- e. Opinberir ákærendur mega ekki veita viðtöku neinum gjöfum, verðlaunum, hlunnindum, fyrirgreiðslum eða þægindum frá þriðja aðila eða vinna nein þau verk sem telja má að stefni í hættu heiðarleika þeirra, réttisýni og óhlutdrægni¹.

¹ Leiðbeiningarreglur þessar sækja einkum fyrirmyndir til

- Evrópusamnings um vernd mannréttinda og mannfrelsis,
- Tilmæla nr. Rec (2000) 19 um hlutverk ákæruvaldsins í refsivörslukerfinu,
- Tilmæla nr. Rec (2000) 10 um siðareglur fyrir opinbera starfsmenn,
- Leiðbeiningarregluna um störf saksóknara, samþykktar af 8. þingi Sameinuðu þjóðanna um fyrirbyggingu afbrota og meðferð sakamanna (Havana, 27. ágúst til 7. september 1990),
- Annarra viðeigandi siðareglna og starfsreglna sem lagðar hafa verið til eða samþykktar af opinberum aðilum eða samtökum einkaaðila og alþjóðlegum samtökum.



Ríkissaksóknari • Hverfisgötu 6 • 150 Reykjavík • sími 530 1600 • www.saksoknari.is